

AUGLÝSING
um bókun um breytingu á Marakess-samningnum
um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Hinn 31. október 2016 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands vegna bókunar, sem gerð var í Genf 27. nóvember 2014, um breytingu á Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 15. apríl 1994, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 62/1995, þar sem samningurinn er birtur.

Bókunin öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 22. febrúar 2017 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 6. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um breytingu á Marakess-samningnum um stofnun
Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,
sem vísa til samningsins um viðskiptalíprun,

sem hafa hliðsjón af ákvörðun aðalráðsins í skjali WT/L/940, sem samþykkt var skv. 1. mgr. X. gr. Marakess-samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar („samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina“),

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. Við gildistöku þessarar bókunar skv. 4. mgr. skal breyta 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina með því að fella samninginn um viðskiptalíprun, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa bókun, inn á eftir samningnum um verndarráðstafanir.
2. Ekki er heimilt að skrá neina fyrirvara varðandi ákvæði þessarar bókunar án samþykkis hinna aðilanna.
3. Bókunin er hér með opin til staðfestingar af hálfu aðilanna.
4. Bókun þessi skal öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. X. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.¹
5. Bókun þessi skal afhent aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til vörslu og skal hann án tafar láta sérhverjum aðila í té staðfest endurrit bókunarinnar og tilkynningu um sérhverja samþykkt hennar skv. 3. mgr.
6. Bókun þessa skal skrá í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gjört í Genf 27. nóvember 2014 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

¹ Við útreikning á þeim fjölda, sem hefur staðfest skv. 3. mgr. X. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, skal staðfestingarskjal Evrópusambandsins, að því er það sjálft varðar og aðildarríki þess, talið sem staðfesting þess fjölda aðila sem er jafn þeim fjölda aðildarríkja Evrópusambandsins sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

VIÐAUKI
VIÐ BÓKUNINA UM BREYTINGU Á MARAKESS-SAMNINGNUM
UM STOFNUN ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNARINNAR

SAMNINGUR UM VIÐSKIPTALIPRUN*

Inngangsorð.

Samningsaðilarnir,

sem hafa hliðsjón af samningaviðræðunum sem hófust á grundvelli Dóha-ráðherra-firlýsingarinnar,

sem minnst og staðfesta það umboð og þær meginreglur sem fram koma í 27. mgr. Dóha-ráðherra-firlýsingarinnar (WT/MIN(01)/DEC/1) og í viðauka D við ákvörðun Dóha-vinnuáætlunarinnar sem aðalráðið samþykkti 1. ágúst 2004 (WT/L/579), einnig í 33. mgr. og viðauka E við Hong Kong ráðherra-firlýsinguna (WT/MIN(05)/DEC),

sem óska eftir að skýra og bæta viðeigandi þætti V., VIII. og X. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994, GATT-samningsins frá 1994, með það í huga að flýta enn frekar flutningi, afhendingu og tollskoðun vara, m.a. vara í umflutningi,

sem gera sér grein fyrir sértækum þörfum samningsaðila sem eru þróunarlönd, einkum þeirra sem eru skemmt á veg komin í þróun, og hafa hug á að auka aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar á þessu sviði,

sem gera sér grein fyrir að þörf er á skilvirkri samvinnu samningsaðila um viðskiptaliprun og málefni er varða framfylgd tollareglna,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. ÞÁTTUR

1. gr.

ÚTGÁFA OG AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM

1 Birting.

1.1 Sérhver samningsaðili skal birta án tafar eftirfarandi upplýsingar með aðgengilegum hætti og án mismununar til þess að gera stjórnvöldum, aðilum sem stunda viðskipti og öðrum hagsmunaaðilum kleift að kynna sér þær:

- a) verklagsreglur um innflutning, útflutning og umflutning (m.a. reglur um hafnir, flugvelli og aðra komustaði) og nauðsynleg eyðublöð og gögn,
- b) álagða tolla og skatta af hvaða toga sem er við eða í tengslum við innflutning eða útflutning,
- c) þóknarir og gjöld sem opinberar stofnanir leggja á við eða í tengslum við innflutning, útflutning eða umflutning,
- d) reglur um flokkun eða mat á virði vara með tilliti til tollafgreiðslu,
- e) lög, reglur og stjórnsýsluúrskurði sem hafa almenna skírskotun í tengslum við uppruna-reglur,
- f) höft á eða bann við innflutningi, útflutningi eða umflutningi,
- g) viðurlagaákvæði ef farið er í bága við formsatriði vegna innflutnings, útflutnings eða umflutnings,
- h) málsmeðferð við áfrýjun eða endurskoðun,
- i) samninga eða hluta samninga við land eða lönd í tengslum við innflutning, útflutning eða umflutning og
- j) verklagsreglur varðandi stjórnun tollkvóta.

* Skjalið hefur áður verið gefið út með táknu WT/PCTF/W/27.

- 1.2 Ekkert í þessum ákvæðum skal túlkað svo að gerð sé krafa um birtingu eða framlagningu upplýsinga á öðrum tungumálum en tungumáli aðilans nema annað sé tekið fram í mgr. 2.2.

2 Aðgengilegar upplýsingar um Netið.

- 2.1 Sérhver aðili skal setja eftirfarandi fram á Netinu og uppfæra að því marki sem unnt er og eftir því sem við á:
- lýsingu¹ á verklagsreglum sínum um innflutning, útflutning og umflutning, m.a. málsmeðferðarreglum við áfrýjun eða endurskoðun, sem veitir stjórnvöldum, aðilum sem stunda viðskipti og öðrum hagsmunaaðilum upplýsingar um þær ráðstafanir sem gera þarf vegna innflutnings, útflutnings og umflutnings,
 - eyðublöð og gögn sem krafist er vegna innflutnings til, útflutnings frá eða umflutnings um yfirráðasvæði þessa sammingsaðila,
 - samskiptaupplýsingar upplýsingamiðstöðvar/-stöðva sinnar/sinna.
- 2.2 Þar sem slíkt er framkvæmanlegt skal lýsingin, sem um getur í a-lið mgr. 2.1, einnig liggja frammi á einu af opinberum tungumálum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).
- 2.3 Samningsaðilar eru hvattir til að hafa til reiðu frekari viðskiptatengdar upplýsingar á Netinu, m.a. viðeigandi löggjöf um viðskipti og aðra þætti sem um getur í mgr. 1.1.

3 Upplýsingamiðstöðvar.

- 3.1 Sérhver sammingsaðili skal, innan marka tiltækra úrræða, koma á fót eða viðhalda rekstri einnar upplýsingamiðstöðvar eða fleiri sem sjá um að svara réttmætum fyrirspurnum stjórnvalda, aðila sem stunda viðskipti og annarra hagsmunaaðila um málefni sem falla undir mgr. 1.1 og láta í té nauðsynleg eyðublöð og gögn sem um getur í a-lið mgr. 1.1.
- 3.2 Aðilar að tollabandalagi eða aðilar sem taka þátt í svæðisbundinni samvinnu geta komið á fót eða viðhaldið rekstri sameiginlegra upplýsingamiðstöðva á svæðisvísu til þess að uppfylla kröfur mgr. 3.1 hvað varðar sameiginlegar verklagsreglur.
- 3.3 Samningsaðilar eru hvattir til þess að láta vera að krefjast þóknunar fyrir að svara fyrirspurnum og útvega nauðsynleg eyðublöð og gögn. Ef slíkt er engu að síður gert skulu sammingsaðilar halda fjárhæð þóknana og gjalda nálægt þeim kostnaði sem verður til við veitingu þjónustunnar.
- 3.4 Upplýsingamiðstöðvarnar skulu svara fyrirspurnum og hafa til reiðu eyðublöð og gögn innan hæfilegs frests sem hver sammingsaðili setur en hann getur verið misjafnlega langur eftir því hvers eðlis og hve flókin fyrirspurnin er.

4 Tilkynningar.

Sérhver sammingsaðili skal tilkynna nefndinni um viðskiptalíprun, sem komið er á fót samkvæmt mgr. 1.1 í 23. gr. (í þessum samningi kölluð „nefndin“), um:

- opinberan stað eða staði þar sem atriðin í a- til j-lið mgr. 1.1 hafa verið birt,
- vefföng vefseturs eða vefsetra sem um getur í mgr. 2.1 og
- samskiptaupplýsingar upplýsingamiðstöðva sem um getur í mgr. 3.1.

2. gr.

TÆKIFÆRI TIL ATHUGASEMDA, UPPLÝSINGAR ÁÐUR EN TIL GILDISTÖKU KEMUR OG SAMRÁÐ

1 Tækifæri til athugasemda og upplýsingar áður en til gildistöku kemur.

- 1.1 Sérhver sammingsaðili skal, að því marki sem gerlegt er og þannig að samrýmist landslögum hans og réttarkerfi, veita aðilum sem stunda viðskipti og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri og viðeigandi frest til að koma á framfæri athugasemdum um fyrirhugaða innleiðingu eða breytingu á almennum lögum og reglum sem varða flutning, afhendingu og tollafgreiðslu vara, m.a. vara í umflutningi.
- 1.2 Sérhver sammingsaðili skal, að því marki sem gerlegt er og þannig að samrýmist landslögum hans og réttarkerfi, sjá til þess að ný eða breytt almenn lög og reglur, sem varða flutning, afhendingu og tollafgreiðslu vara, m.a. vara í umflutningi, séu birt eða upplýsingar um þau

1 Sérhver sammingsaðili getur sett fram á vefsetri sínu lagalegar takmarkanir á þessari lýsingu ef hann svo kys.

gerðar aðgengilegar almenningi á annan hátt, eins skjótt og unnt er fyrir gildistöku þeirra, til þess að gera aðilum sem stunda viðskipti og öðrum hagsmunaaðilum kleift að kynna sér þau.

- 1.3 Breytingar á gjöldum eða tollum, ráðstöfunum sem hafa mildandi áhrif, ráðstöfunum sem hefðu minni áhrif ef farið yrði að ákvæðum mgr. 1.1 eða 1.2, ráðstöfunum sem er beitt við knýjandi aðstæður eða minniháttar breytingar á landslögum og réttarkerfinu eru hverjar um sig undanskildar mgr. 1.1. og 1.2.

2 Samráð.

Sérhver samningsaðili skal, eftir því sem við á, koma á reglubundnu samráði milli landamæra- stofnana sinna og aðila sem stunda viðskipti eða annarra hagsmunaaðila á yfirráðasvæði hans.

3. gr.

FYRIRFRAMÚRSKURÐIR

1. Sérhver samningsaðili skal kveða upp fyrirframúrskurð innan hæfilegs tímafrests fyrir umsækjanda, sem hefur lagt fram skriflega beiðni með öllum nauðsynlegum upplýsingum. Ef samningsaðili hafnar því að kveða upp fyrirframúrskurð skal hann tilkynna umsækjanda það skriflega þegar í stað, þar sem fram koma viðkomandi málavextir og grundvöllur ákvörðunar hans.
2. Samningsaðili getur hafnað því að kveða upp fyrirframúrskurð fyrir umsækjanda ef álitæfnið, sem er sett fram í umsókninni:
 - a) bíður þegar úrskurðar í máli umsækjanda hjá opinberri stofnun, áfrýjunardómstóli eða öðrum dómstóli eða
 - b) hefur þegar verið útkljáð af áfrýjunardómstóli eða öðrum dómstóli.
3. Fyrirframúrskurður skal gilda í hæfilegan tíma eftir að hann er kveðinn upp nema lög, málavextir eða þær aðstæður, sem úrskurðurinn styðst við, hafi breyst.
4. Ef samningsaðili afturkallar fyrirframúrskurðinn, breytir honum eða ógildir skal hann láta umsækjanda í té skriflega tilkynningu þar sem fram koma viðkomandi málavextir og grundvöllur ákvörðunar hans. Samningsaðila er því aðeins heimilt að afturkalla fyrirframúrskurðinn, breyta honum eða ógilda með afturvirkum hætti ef úrskurðurinn er byggður á röngum, fölsuðum eða misvísandi upplýsingum.
5. Fyrirframúrskurður, sem samningsaðili kveður upp, skal vera bindandi fyrir hann hvað varðar þann umsækjanda sem sóttist eftir honum. Samningsaðili getur kveðið á um að fyrirframúrskurður sé bindandi fyrir umsækjandann.
6. Sérhver samningsaðili skal, að lágmarki, birta:
 - a) skilyrði umsóknar um fyrirframúrskurð, m.a. upplýsingar sem ber að láta í té og snið þeirra,
 - b) frest samningsaðila til að kveða upp fyrirframúrskurð og
 - c) gildistíma fyrirframúrskurðar.
7. Sérhver samningsaðili skal, að fenginni skriflegri beiðni umsækjanda, endurskoða fyrirframúrskurðinn eða ákvörðunina um að afturkalla fyrirframúrskurðinn, breyta honum eða ógilda.²
8. Sérhver samningsaðili skal leggja kapp á að gera hvers kyns upplýsingar um fyrirframúrskurði, sem hann telur skipta aðra hagsmunaaðila máli, öllum aðgengilegar og hafa við það hliðsjón af því að nauðsynlegt er að vernda trúnaðarupplýsingar sem eru viðskiptalegs eðlis.
9. Skilgreiningar og gildissvið:
 - a) Fyrirframúrskurður er skrifleg ákvörðun sem samningsaðili lætur umsækjanda í té áður en til innflutnings kemur á vörum sem falla undir umsóknina þar sem fram kemur sú meðferð sem samningsaðilinn skal nota fyrir vöruna við innflutning með hliðsjón af:
 - i. tollflokkun vörunnar og
 - ii. uppruna vörunnar.³

2 Samkvæmt þessari málsgrein: a) getur embættismaðurinn, skrifstofan eða yfirvaldið, sem kvað upp úrskurðinn, æðra eða óháð stjórnvald eða dómsyfirvald annast endurskoðun, annaðhvort áður en úrskurðinum er framfylgt eða síðar, og b) er þess ekki krafist að samningsaðili heimili umsækjanda að skírskota til 1. mgr. 4. gr.

3 Lítið er svo á að fyrirframúrskurður um uppruna vöru geti verið mat á uppruna hvað varðar samninginn um upprunareglur ef úrskurðurinn uppfyllir kröfur þessa samnings og samningsins um upprunareglur. Á sama hátt getur mat á uppruna samkvæmt samningnum um upprunareglur verið fyrirframúrskurður um uppruna vöru að því er þennan samning varðar ef úrskurðurinn uppfyllir kröfur beggja samninga. Ekki er gerð sú krafa að samnings-

- b) Til viðbótar við þá fyrirframúrskurði sem eru skilgreindir í a-lið eru samningsaðilar hvattir til að kveða upp fyrirframúrskurði um:
- i. viðeigandi aðferð eða viðmiðanir, og beitingu þeirra, sem eru notaðar til að ákvarða tollverð á grundvelli tiltekinna málavaxta,
 - ii. það hvort kröfur samningsaðilans eigi við hvað varðar eftirgjöf á tollum eða undanþágu frá þeim,
 - iii. beitingu krafna samningsaðilans hvað varðar kvóta, m.a. tollkvóta, og
 - iv. hvers kyns viðbótarefni sem samningsaðili telur viðeigandi í tengslum við að kveða upp fyrirframúrskurð.
- c) Umsækjandi er útflytjandi, innflytjandi eða annar aðili með réttmæta ástæðu eða fulltrúi hans.
- d) Samningsaðili getur krafist þess að umsækjandi hafi lagalegan fulltrúa eða sé skráður á yfirráðasvæði hans. Að því marki sem unnt er skulu slíkar kröfur ekki takmarka þá hópa aðila sem uppfylla skilyrði þess að sækja um fyrirframúrskurði, með sérstakri áherslu á sértækar þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þessar kröfur skulu vera skýrar og gagnsæjar og ekki fela í sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun.

4. gr.

MÁLSMEDFERÐARREGLUR VIÐ ÁFRÝJUN EÐA ENDURSKOÐUN

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um það að hver sá sem tollyfirvöld gefa út stjórnsýslu-ákvörðun sína fyrir⁴ hafi á yfirráðasvæði hans rétt til:
 - a) að áfrýja til æðra stjórnsýslustigs eða fara fram á endurskoðun stjórnvalds sem er æðra eða óháð þeim embættismanni eða skrifstofu sem gaf ákvörðunina út, og/eða
 - b) að áfrýja til eða fara fram á endurskoðun dómstóls á ákvörðuninni.
2. Í löggjöf samningsaðila má gera þá kröfu að áfrýjun til eða endurskoðun stjórnsýslustigs fari fram áður en til áfrýjunar til eða endurskoðunar dómstóls kemur.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að verklagsreglur hans hvað varðar áfrýjun eða endurskoðun séu án mismununar.
4. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að, í því tilviki að ákvörðun um áfrýjun eða endurskoðun skv. a-lið 1. mgr. er ekki tekin annaðhvort:
 - a) innan þeirra tímamarka sem eru tilgreind í lögum hans eða reglum eða
 - b) án ótilhlýðilegrar tafar,
 hafi beiðandinn rétt annaðhvort til frekari áfrýjunar eða frekari endurskoðunar af hálfu stjórnvaldsins eða dómsyfirvaldsins eða geti skotið málinu með öðrum hætti til dómsyfirvaldsins.⁵
5. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að aðila, sem um getur í 1. mgr., sé veittur rökstuðningur fyrir stjórnsýsluákvörðuninni til þess að hann geti nýtt sér áfrýjunar- eða endurskoðunarmálsmeðferð ef nauðsyn krefur.
6. Sérhver samningsaðili er hvattur til að láta ákvæði þessarar greinar gilda um stjórnsýsluákvörðanir sem viðkomandi landamærastofnun, önnur en tollyfirvöld, gefur út.

aðilar komi á sérstöku fyrirkomulagi samkvæmt þessu ákvæði til viðbótar því sem er komið á samkvæmt samningnum um upprunareglur í tengslum við mat á uppruna, að því tilskildu að kröfur þessarar greinar hafi verið uppfylltar.

- 4 Í þessari grein merkir ákvörðun stjórnvalds ákvörðun sem hefur réttaráhrif á réttindi og skyldur tiltekins aðila í tilteknu máli. Sá skilningur ríkir að ákvörðun stjórnvalds í þessari grein taki til stjórnsýsluadgerða í skilningi X. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða að það bregðist að gripid sé til stjórnsýsluadgerðar eða -ákvörðun tekin eins og kveðið er á um í landslögum og réttarkerfi samningsaðila. Ef það bregst geta samningsaðilar gert ráð fyrir öðru stjórnsýslufyrirkomulagi eða að málinu verði skotið til dómstóls til að gefa tollyfirvaldi heimild til að gefa þegar í stað út stjórnsýsluákvörðun í stað réttarins til að áfrýja eða fara fram á endurskoðun skv. a-lið 1. mgr.
- 5 Ekkert í þessari málsgrein skal koma í veg fyrir að samningsaðili líti á viðbragðsleysi af hálfu stjórnvalda hvað varðar áfrýjun eða endurskoðun sem ákvörðun í hag beiðanda í samræmi við lög sín og reglur.

5. gr.

*ÁÐRAR RÁÐSTAFANIR TIL AÐ AUKA ÓHLUTDRÆGNI,
MEÐFERÐ ÁN MISMUNUNAR OG GAGNSÆI*

1 Tilkynningar vegna aukins eftirlits eða skoðana.

Ef samningsaðili tekur upp eða starfrækir kerfi fyrir útgáfu tilkynninga eða leiðbeininga til viðkomandi yfirvalda sinna í þeim tilgangi að efla landamæraeftirlit eða -skoðanir á matvælum, drykkjarvörum eða fóðri, sem falla undir tilkynninguna eða leiðbeiningarnar, til að vernda líf og heilbrigði manna, dýra eða plantna á yfirráðasvæði sínu skulu eftirfarandi fjórar reglur gilda um útgáfu þeirra, varanlega eða tímabundna niðurfellingu:

- a) samningsaðilinn getur, eftir því sem við á, gefið út tilkynningu eða leiðbeiningar sem byggjast á áhættu,
- b) samningsaðilinn getur gefið út tilkynningu eða leiðbeiningar þannig að þær gildi á sama hátt einungis um þá komustaði þar sem skilyrði varðandi heilbrigði og plöntuheilbrigði, sem tilkynningin eða leiðbeiningarnar byggjast á, eiga við,
- c) samningsaðilinn skal þegar í stað fella niður varanlega eða tímabundið tilkynningu eða leiðbeiningar þegar þær aðstæður sem leiddu til þeirra eru ekki lengur fyrir hendi eða ef hægt er að takast á við breyttar aðstæður á þann hátt að það takmarki síður viðskipti og
- d) þegar samningsaðilinn ákveður að fella niður varanlega eða tímabundið tilkynningu eða leiðbeiningar skal hann, eftir því sem við á, þegar í stað birta með aðgengilegum hætti tilkynningu um varanlegu eða tímabundnu niðurfellinguna án mismununar, eða upplýsa samningsaðilann sem flytur út eða innflytjandann um það.

2 Kyrrsetning.

Samningsaðili skal þegar í stað upplýsa flutningsaðilann eða innflytjandann um það ef vörum, sem eru framvísað til innflutnings, er haldið eftir vegna skoðunar hjá tollyfirvöldum eða öðru lögbæru yfirvaldi.

3 Prófunarferli.

- 3.1 Samningsaðili getur, að fenginni beiðni, veitt tækifæri til annarrar prófunar ef fyrsta prófunin, sem var gerð við komu varanna sem er framvísað til innflutnings, gefur neikvæða niðurstöðu.
- 3.2 Samningsaðili skal annaðhvort birta með aðgengilegum hætti og án mismununar heiti og heimilisfang rannsóknarstofu þar sem prófunin getur farið fram eða láta innflytjanda í té þessar upplýsingar þegar hann fær tækifærið sem kveðið er á um í mgr. 3.1.
- 3.3 Samningsaðili skal taka til skoðunar niðurstöðu mögulegrar annarrar prófunar, sem er gerð samkvæmt mgr. 3.1, vegna afhendingar og tollafgreiðslu vara og getur, ef við á, samþykkt niðurstöður slíkrar prófunar.

6. gr.

*REGLUR UM ÞÓKNANIR OG GJÖLD SEM ERU LÖGD Á EÐA
Í TENGLUM VIÐ INNFLUTNING OG ÚTFLUTNING OG VIÐURLÖG*

1 Almennar reglur um þóknanir og gjöld sem eru lögð á eða í tengslum við innflutning og útflutning.

- 1.1 Ákvæði 1. mgr. gilda um allar þóknanir og gjöld nema innflutnings- og útflutningstolla og aðra tolla sem falla undir III. gr. GATT-samningsins frá 1994 sem samningsaðilar leggja á eða í tengslum við innflutning eða útflutning vara.
- 1.2 Upplýsingar um þóknanir og gjöld skulu birtar í samræmi við 1. gr. Í þessum upplýsingum skulu m.a. koma fram þóknanir og gjöld sem verður beitt, ástæða slíkra þóknana og gjalda, ábyrgt yfirvald og hvenær og hvernig inna ber greiðslu af hendi.
- 1.3 Gera skal ráð fyrir hæfilegum tíma frá birtingu nýrra eða breyttra þóknana og gjalda að gildistöku þeirra nema við knýjandi aðstæður. Ekki skal beita slíkum þóknunum og gjöldum fyrr en upplýsingar um þau hafa verið birtar.
- 1.4 Sérhver samningsaðili skal endurskoða reglubundið þóknanir sínar og gjöld með það fyrir augum að draga úr fjölda þeirra og fjölbreytni, ef því verður við komið.

2 Sérþækar reglur um þóknunir og gjöld vegna tollmeðferðar sem eru lögð á eða í tengslum við innflutning og útflutning.

Þóknunir og gjöld vegna tollmeðferðar:

- i. skulu miðast við hér um bil kostnaðinn af þeirri þjónustu sem veitt er eða í tengslum við viðkomandi innflutning eða útflutning og
- ii. þurfa ekki að tengjast tilteknum innflutningi eða útflutningi að því tilskildu að greiddar séu hans vegna gjöld sem tengjast náð tollmeðferð vara.

3 Reglur um viðurlög.

- 3.1 Að því er 3. mgr. varðar merkir hugtakið „viðurlög“ þau viðurlög sem tollyfirvöld samningsaðila beita vegna brota á lögum, reglum eða málsmeðferðarkröfum samningsaðila.
- 3.2 Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að viðurlögum vegna brota á lögum, reglum eða málsmeðferðarkröfum á sviði tollamála sé einungis beitt gagnvart þeim sem ber/bera ábyrgð á brotinu samkvæmt lögum hans.
- 3.3 Viðurlögin skulu byggð á málavöxtum og kringumstæðum máls og samsvara umfangi og alvarleika brotsins.
- 3.4 Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ráðstöfunum sé viðhaldið til að komast hjá:
 - a) hagsmunaárekstri við ákvörðun og beitingu viðurlaga og tolla og
 - b) því að mynda hvata til ákvörðunar eða beitingar viðurlaga sem samrýmast ekki mgr. 3.3.
- 3.5 Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að þegar viðurlögum er beitt vegna brota á lögum, reglum eða málsmeðferðarkröfum á sviði tollamála sé þeim sem fær eða fá á sig viðurlög látin í té skrifleg skýring á eðli brotsins og á grundvelli hvaða laga, reglna eða málsmeðferðar fjárhæð eða umfang viðurlaga vegna brotsins eru ákveðin.
- 3.6 Ef aðili lætur tollyfirvöldum samningsaðila sjálfviljugur í té upplýsingar um kringumstæður brots á lögum, reglum eða málsmeðferðarkröfu á sviði tollamála áður en tollyfirvöld komast á snodir um brotið er samningsaðilinn hvattur til þess, eftir því sem við á, að líta á þetta sem þátt til mildunar þegar viðurlög eru ákveðin fyrir aðilann.
- 3.7 Ákvæði þessarar málsgreinar gilda um viðurlög hvað varðar þann umflutning sem um getur í mgr. 3.1.

7. gr.

AFHENDING OG TOLLAFGREIÐSLA VARA

1 Meðferð fyrir komu.

- 1.1 Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða fylgja málsmeðferðarreglum sem heimila framlagningu innflutningsskjala og annarra nauðsynlegra upplýsinga, m.a. farmskráa, til þess að hefja meðferð fyrir komu varanna með það í huga að flýta afhendingu vara við komu.
- 1.2 Sérhver samningsaðili skal, eftir því sem við á, setja ákvæði um framlagningu skjala fyrir fram á rafrænu formi vegna meðferðar slíkra skjala fyrir komu.

2 Rafræn greiðsla.

Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem unnt er, samþykkja eða fylgja verklagsreglum sem heimila rafræna greiðslu tolla, skatta, þóknana og gjalda sem tollyfirvöld innheimta við innflutning eða útflutning.

3 Aðskilnaður afhendingar og endanlegrar ákvörðunar tolla, skatta, þóknana og gjalda.

- 3.1 Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða fylgja málsmeðferðarreglum sem heimila afhendingu vara áður en til endanlegrar ákvörðunar tolla, skatta, þóknana og gjalda kemur ef slík ákvörðun er ekki tekin fyrir eða við komu eða eins skjótt og unnt er eftir komu og að því tilskildu að allar aðrar kröfur samkvæmt reglum hafi verið uppfylltar.
- 3.2 Samningsaðili kann að krefjast, sem skilyrðis fyrir slíkri afhendingu:
 - a) greiðslu þeirra tolla, skatta, þóknana og gjalda sem eru ákvörðuð fyrir eða við komu vara og tryggingar fyrir hverri þeirri fjárhæð, sem hefur enn ekki verið ákveðin, í formi sjálfskuldarábyrgðar, tryggingarfjár eða annars viðeigandi gernings sem kveðið er á um í lögum hans og reglum eða
 - b) tryggingar í formi sjálfskuldarábyrgðar, tryggingarfjár eða annars viðeigandi gernings sem kveðið er á um í lögum hans eða reglum.

- 3.3 Tryggingin skal ekki vera hærri en sú fjárhæð sem samningsaðilinn krefst til að tryggja greiðslu endanlegra tolla, skatta, þóknana og gjalda fyrir vörur sem falla undir trygginguna.
- 3.4 Ef í ljós kemur brot sem krefst fjárhagslegra viðurlaga eða fjársektar má krefjast tryggingar vegna þeirra viðurlaga eða fjársekta sem kann að verða beitt.
- 3.5 Fallið skal frá þeirri tryggingu sem er sett fram í mgr. 3.2 og 3.4 ef hennar er ekki lengur krafist.
- 3.6 Ekkert í þessum ákvæðum skal hafa áhrif á rétt samningsaðila til að rannsaka, halda eftir, leggja hald á eða gera upptækar eða eiga við vörurnar á hvern þann hátt sem er ekki í ósamræmi við réttindi og skyldur aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

4 Áhættustjórnun.

- 4.1 Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem unnt er, koma á eða viðhalda áhættustjórnunarkerfi fyrir tollefirlit.
- 4.2 Sérhver samningsaðili skal móta og beita áhættustjórnun þannig að komist verði hjá geðþóttabundinni eða óréttlætanageri mismunun eða duldum höftum í alþjóðaviðskiptum.
- 4.3 Sérhver samningsaðili skal beina tollefirliti og, að því marki sem unnt er, öðru viðeigandi landamæraeftirliti að sendingum sem mikil áhætta fylgir og flýta afhendingu sendinga sem lítil áhætta fylgir. Samningsaðili getur einnig valið af handahófi sendingar til slíks eftirlits sem hluta af áhættustjórnun sinni.
- 4.4 Sérhver samningsaðili skal byggja áhættustjórnun á áhættumati á grundvelli viðeigandi valviðmiðana. Þessar valviðmiðanir geta *m.a.* verið samræmda flokkunarkerfið, eðli og lýsing varanna, upprunaland, landið sem vörurnar eru fluttar frá, virði varanna, hvort aðilar sem stunda viðskipti hafi í gegnum tíðina fylgt lögum og reglum og flutningsaðferð.

5 Endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu.

- 5.1 Sérhver samningsaðili skal, með það fyrir augum að flýta afhendingu vara, koma á eða viðhalda endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu til að tryggja að farið sé að lögum og reglum á sviði tollamála og öðrum viðeigandi lögum og reglum.
- 5.2 Sérhver samningsaðili skal velja aðila eða sendingu til endurskoðunar í kjölfar tollafgreiðslu á grundvelli áhættu sem kann að fela í sér viðeigandi valviðmiðanir. Sérhver samningsaðili skal annast endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu með gagnsæjum hætti. Ef aðilinn sætir endurskoðun og afgerandi niðurstöður hafa fengist skal samningsaðilinn þegar í stað tilkynna þeim aðila sem sætti endurskoðuninni um niðurstöðurnar, réttindi hans og skyldur og ástæður niðurstaðnanna.
- 5.3 Þær upplýsingar sem fengust við endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu má nota við frekari málsmeðferð á sviði stjórnáslu eða dómsmeðferðar.
- 5.4 Samningsaðilar skulu, þegar slíkt er unnt, nota niðurstöður endurskoðunar í kjölfar tollafgreiðslu við áhættustjórnun.

6 Ákvörðun og birting meðalafhendingartíma.

- 6.1 Samningsaðilar eru hvattir til að mæla og birta reglubundið og af samkvæmni hversu langan tíma það tekur að meðaltali að afhenda vörur með því að nota *m.a.* tæki á borð við rannsókn Alþjóðatollastofnunarinnar Time Release Study.⁶
- 6.2 Samningsaðilar eru hvattir til að deila með nefndinni reynslu sinni af mælingum á meðalafhendingartíma, *m.a.* þeirri aðferðafræði sem er notuð, flöskuhálsum sem hafa verið greindir og hvers kyns áhrifum á skilvirkni sem af þessu leiðir.

7 Viðskiptalíprunarráðstafanir fyrir viðurkennda rekstraraðila.

- 7.1 Sérhver samningsaðili skal sjá rekstraraðilum, sem uppfylla sértækar viðmiðanir, hér á eftir nefndir viðurkenndir rekstraraðilar, fyrir viðskiptalíprunarráðstöfunum sem varða formsatriði og verklagsreglur við innflutning, útflutning eða umflutning. Samningsaðili getur einnig boðið slíkar viðskiptalíprunarráðstafanir með tollferli sem er almennt aðgengilegt öllum rekstraraðilum og þess er ekki krafist að komið sé á sérstöku kerfi.

⁶ Sérhver samningsaðili getur ákvarðað umfang og aðferð við mælingar á meðalafhendingartíma í samræmi við þarfir sínar og getu.

- 7.2 Sértaekar viðmiðanir til að uppfylla skilyrði þess að teljast viðurkenndur rekstraraðili skulu varða það að uppfylla skilyrði eða hættu á því að skilyrði verði ekki uppfyllt, sem og kröfur sem eru tilgreindar í lögum, reglum eða málsmeðferðarreglum sammingsaðila.
- a) Slíkar viðmiðanir, sem skal birta, geta m.a. verið:
 - i. viðeigandi skráning á því að tollareglum og öðrum viðeigandi lögum og reglum hafi til þessa verið fylgt,
 - ii. kerfi til að halda utan um færslur vegna nauðsynlegs innra eftirlits,
 - iii. fjárhagslegt gjaldþol, m.a., eftir því sem við á, að fyrir liggja nægar tryggingar eða ábyrgðir og
 - iv. trygg aðfangakeðja.
 - b) Slíkar viðmiðanir skulu ekki:
 - i. til þess gerðar eða beitt með þeim hætti að fram komi eða skapist geðþóttabundin eða óréttlæt看leg mismunun milli rekstraraðila þar sem sömu skilyrði eiga við og
 - ii. að því marki sem unnt er, takmarka þátttöku lítilla eða meðalstórra fyrirtækja.
- 7.3 Þær viðskiptaliprunarráðstafanir, sem eru settar fram samkvæmt mgr. 7.1, skulu fela í sér a.m.k. þrjár eftirfarandi ráðstafanir:⁷
- a) litlar kröfur eru gerðar um skjöl og gögn, eftir því sem við á,
 - b) skoðanir og kannanir á vörum eru framkvæmdar sjaldan, eftir því sem við á,
 - c) afhending innan skamms tíma, eftir því sem við á,
 - d) greiðslufrestur á tollum, sköttum, þóknunum og gjöldum,
 - e) beitt er heildarábyrgðum eða minni ábyrgðum,
 - f) ein tollskýrsla fyrir allan innflutning eða útflutning á tilteknu tímabili og
 - g) tollafgreiðsla vara á athafnasvæði viðurkennds rekstraraðila eða á öðrum stað sem toll-yfirvöld heimila.
- 7.4 Sammingsaðilar eru hvattir til að þróa kerfi viðurkenndra rekstraraðila á grundvelli alþjóðlegra staðla ef slíkir staðlar eru fyrir hendi nema þeir séu óviðeigandi eða árangurslaus leið til að uppfylla þau lögmætu markmið sem unnið er að.
- 7.5 Til þess að efla viðskiptaliprunarráðstafanir í þágu rekstraraðila skulu sammingsaðilar gefa sammingsaðilum færi á að semja um gagnkvæma viðurkenningu á kerfum viðurkenndra rekstraraðila.
- 7.6 Sammingsaðilar skulu skiptast á viðeigandi upplýsingum innan nefndarinnar um gildandi kerfi viðurkenndra rekstraraðila.

8 Flýtisendingar.

- 8.1 Sérhver sammingsaðili skal samþykkja eða fylgja verklagsreglum sem leyfa flýtisendingu a.m.k. þeirra vara sem koma um athafnasvæði flugfragtar til aðila sem sækja um slíka meðferð en halda jafnframt uppi tolleftirliti.⁸ Ef sammingsaðili beitir viðmiðunum⁹ til að takmarka fjölda umsækjenda getur hann sett fram þá kröfu í birtum viðmiðunum að umsækjandi skuli, sem skilyrði fyrir því að vörur hans njóti meðferðarinnar fyrir flýtisendingar sínar sem lýst er í mgr. 8.2:
- a) sjá fyrir fullnægjandi innviðum og greiðslu tollkostnaðar í tengslum við meðferð flýtisendinga þegar umsækjandi uppfyllir kröfur sammingsaðilans um slíka meðferð á tilteknu athafnasvæði,
 - b) leggja fram fyrir komu flýtisendingar nauðsynlegar upplýsingar vegna afhendingar,
 - c) fá á sig gjöld sem samsvara áætluðum kostnaði við þá þjónustu sem er veitt við meðferðina sem lýst er í mgr. 8.2,

7 Ráðstöfun, sem er sett fram í a- til g-lið mgr. 7.3, telst látin viðurkenndum rekstraraðilum í té ef hún stendur öllum rekstraraðilum almennt til boða.

8 Þegar fyrir liggur málsmeðferð hjá sammingsaðila hvað varðar meðferðina í mgr. 8.2 er í þessu ákvæði ekki gerð sú krafa að sammingsaðili komi á sérstakri málsmeðferð vegna flýtaafhendingar.

9 Ef slíkar viðmiðanir vegna beitingar eru fyrir hendi skulu þær koma til viðbótar kröfum sammingsaðilans er varða allar vörur eða sendingar sem koma sem flugfragt.

- d) halda uppi ströngu eftirliti með flýtisendingum á grundvelli innra eftirlits, vöruferilsstjórnunar og tækni til að rekja sendingar allt frá því að varan er sótt og þar til hún er afhent,
 - e) bjóða upp á flýtisendingar frá því að varan er sótt þar til hún er afhent,
 - f) skuldbinda sig til að greiða tollyfirvöldum alla tolla, skatta, þóknanir og gjöld vegna varanna,
 - g) geti sýnt fram á góðan feril við að fylgja tollareglum og öðrum viðeigandi lögum og reglum,
 - h) uppfylla önnur skilyrði sem tengjast því beint að framfylgja lögum, reglum og málsmeðferðarkröfum samningsaðilans með skilvirkum hætti, sem varða einkum það að veita þá meðferð sem er lýst í mgr. 8.2.
- 8.2 Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um mgr. 8.1 og 8.3:
- a) halda í lágmarki kröfum um gögn vegna afhendingar flýtisendinga í samræmi við 1. mgr. 10. gr. og, að því marki sem unnt er, setja ákvæði um afhendingu á grundvelli framlagningar upplýsinga í eitt skipti um tilteknar sendingar,
 - b) gefa færi á því að flýtisendingar verði, við eðlilegar aðstæður, afhentar eins skjótt og unnt er eftir komu, að því tilskildu að þær upplýsingar sem krafist er hafi verið lagðar fram,
 - c) leggja kapp á að beita meðferðinni í a- og b-lið gangvart sendingum, hver svo sem þyngd þeirra eða verðmæti þeirra er, og gera sér grein fyrir að samningsaðila er heimilt að fara fram á viðbótarmálsmeðferð við komu, m.a. yfirlýsingar og stuðningsgögn og greiðslu tolla og skatta og að takmarka slíka meðferð á grundvelli vörutegundar, enda sé meðferðin ekki takmörkuð við verðlitla vöru á borð við skjöl og
 - d) ákveða, að því marki sem unnt er, lágmarksverðmæti sendingar eða tollskylda lágmarksfjárhæð sem hvorki tollar né skattar eru innheimt af, að frátöldum tilteknum vörum. Innlendir skattar, m.a. virðisaukaskattar og vörugjöld, á innflutning í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 falla ekki undir þetta ákvæði.
- 8.3 Ekkert í mgr. 8.1 og 8.2 hefur áhrif á rétt samningsaðila til að rannsaka, halda eftir, leggja hald á eða gera upptækar eða hafna komu vara eða annast endurskoðanir í kjölfar tollafgreiðslu, m.a. í tengslum við notkun áhættustjórnunarkerfa. Enn fremur skal ekkert í mgr. 8.1 og 8.2 koma í veg fyrir að samningsaðili setji þá kröfu sem skilyrði fyrir afhendingu að viðbótarupplýsingar séu lagðar fram og að uppfylltar séu kröfur um að leyfisveiting gangi ekki sjálfkrafa fyrir sig.
- 9 Dagvara.¹⁰**
- 9.1 Með það í huga að komast hjá ónauðsynlegu tapi eða eyðileggingu dagvöru og að því tilskildu að allar kröfur samkvæmt reglum hafa verið uppfylltar skal hver samningsaðili sjá til þess að hægt sé að afhenda dagvöru:
- a) við venjulegar aðstæður innan eins skamms tíma og mögulegt er og
 - b) við sérstakar aðstæður ef slíkt er viðeigandi, eftir lokun afgreiðslu tollyfirvalda og annarra viðeigandi yfirvalda.
- 9.2 Sérhver samningsaðili skal veita dagvöru viðeigandi forgang við skipulagningu skoðana sem kann að verða krafist.
- 9.3 Sérhver samningsaðili skal annaðhvort annast eða heimila innflytjanda að annast viðeigandi geymslu dagvöru á meðan afhendingar er beðið. Samningsaðilinn getur farið fram á að viðeigandi yfirvöld hafi samþykkt eða tiltekið þá geymsluaðstöðu sem innflytjandinn hefur komið upp. Flutningur varanna til þessarar geymsluaðstöðu, þ.m.t. leyfi fyrir rekstraraðila til flutnings á vörunni, kann að vera háð samþykki viðeigandi yfirvalda, ef þess er krafist. Samningsaðilinn skal, þar sem því verður við komið og í samræmi við landslög, að beiðni innflytjanda, setja fram hvers kyns nauðsynlegar málsmeðferðarreglur fyrir afhendingar sem fram fara hjá þessum geymslum.

¹⁰ Að því er þetta ákvæði varðar eru dagvörur þær vörur sem hafa þann náttúrulega eiginleika að skemmast hratt, einkum þegar ekki eru fyrir hendi viðeigandi geymsluaðstæður.

- 9.4 Ef verulegar tafir verða á afhendingu dagvöru skal sá samningsaðili sem flytur inn senda frá sér, að fenginni skriflegri beiðni og að því marki sem raunhæft má telja, tilkynningu um ástæður tafarinnar.

8. gr.

SAMSTARF MILLI LANDAMÆRAYFIRVALDA

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að þau yfirvöld hans og stofnanir sem annast landamæraeftirlit og málsmeðferð við innflutning, útflutning og umflutning vara hafi með sér samstarf og samræmi aðgerðir sínar til viðskiptalíprunar.
2. Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem unnt er og raunhæft má telja, eiga í samstarfi við aðra samningsaðila, með skilyrðum sem þeir samþykkja með gagnkvæmum hætti, sem liggja að sameiginlegum landamærum með það í huga að samræma málsmeðferðarreglur þar sem farið er yfir landamæri til þess að greiða fyrir viðskiptum yfir landamæri. Slíkt samstarf og samræmi getur m.a. tekið til:
 - a) samræmingar virkra daga og vinnutíma,
 - b) samræmingar málsmeðferðarreglna og formsatriða,
 - c) þróunar og samnýtingar á sameiginlegri aðstöðu,
 - d) sameiginlegs eftirlits,
 - e) þess að koma á fót sameiginlegri landamæraeftirlitsstöð.

9. gr.

*FLUTNINGUR Á VÖRU, SEM ER ÆTLUÐ TIL INNFLUTNINGS,
UNDIR TOLLEFTIRLITI*

Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem raunhæft má telja og að því tilskildu að allar kröfur samkvæmt reglum hafi verið uppfylltar, heimila flutning vöru, sem er ætluð til innflutnings, innan yfirráðasvæðis síns undir tolleftirliti frá einni aðflutningstollstöð til annarrar tollstöðvar á yfirráðasvæðinu þaðan sem vörurnar yrðu afhentar eða tollafgreiddar.

10. gr.

*FORMSATRIÐI Í TENGLUM VIÐ INNFLUTNING, ÚTFLUTNING OG UMFLUTNING***1 Formsatriði og kröfur um gögn.**

- 1.1 Með það í huga að draga svo sem kostur er úr umfangi og flækjustigi formsatriða við innflutning, útflutning og umflutning og draga úr kröfum og einfalda gögn varðandi innflutning, útflutning og umflutning og með hliðsjón af lögmætum stefnumiðum og öðrum þáttum á borð við breyttar aðstæður, viðeigandi nýjar upplýsingar, viðskiptahætti, framboð á tækniþekkingu og tækni, alþjóðlegar bestu starfsvenjur og framlag hagsmunaaðila, skal sérhver samningsaðili taka slíkar kröfur um formsatriði og gögn til endurskoðunar og sjá til þess, eftir því sem við á, byggt á niðurstöðum endurskoðunarinnar, að slíkar kröfur varðandi formsatriði og gögn:
 - a) séu samþykktar og/eða þeim sé beitt með það fyrir augum að afhenda og tollafgreiða vörur með skjótum hætti, einkum dagvöru,
 - b) séu samþykktar og/eða þeim sé beitt á þann hátt að miði að því að draga úr tíma og kostnaði aðila sem stunda viðskipti og rekstraraðila við að fara að reglum,
 - c) nái til þeirrar ráðstöfunar sem valin er og stendur síst í vegi fyrir viðskiptum ef gera má ráð fyrir að tvær eða fleiri aðrar ráðstafanir séu aðgengilegar til að uppfylla það eða þau stefnumið sem um er að ræða og
 - d) haldist ekki í gildi, hvorki í heild eða að hluta, ef þeirra er ekki lengur þörf.
- 1.2 Nefndin skal útfæra verklagsreglur um miðlun viðeigandi upplýsinga af hálfu samningsaðila og bestu starfsvenjur, eftir því sem við á.

2 Samþykkt afrita.

- 2.1 Sérhver samningsaðili skal, eftir því sem við á, leggja kapp á að samþykkja afrit af fylgiskjölum, sem krafist er vegna formsatriða við innflutning, útflutning eða umflutning, á pappír eða á rafrænu formi.

- 2.2 Ef opinber stofnun samningsaðila hefur þegar undir höndum frumrit af slíku skjali skal önnur stofnun sama samningsaðila samþykkja afrit á pappír eða á rafrænu formi, ef við á, frá þeirri stofnun, sem hefur frumritið, í stað upprunalega skjalsins.
- 2.3 Samningsaðili skal ekki setja fram þá kröfu fyrir innflutningi að frumrit eða afrit af útflutningsskýrslum verði lagt fyrir tollyfirvöld samningsaðilans sem flytur út.¹¹

3 Notkun alþjóðlegra staðla.

- 3.1 Samningsaðilar eru hvattir til að nota viðeigandi alþjóðlega staðla eða hluta þeirra sem grundvöll formsatriða og verklagsreglna vegna innflutnings, útflutnings eða umflutnings nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.
- 3.2 Samningsaðilar eru hvattir til að taka þátt í undirbúningi og reglubundinni endurskoðun alþjóðastofnana á viðkomandi alþjóðlegum stöðlum eftir því sem aðstæður þeirra leyfa.
- 3.3 Nefndin skal móta verklagsreglur um miðlun viðeigandi upplýsinga af hálfu samningsaðila og bestu starfsvenjur um framkvæmd alþjóðlegra staðla, eftir því sem við á.

Nefndin getur einnig boðið viðkomandi alþjóðastofnunum að taka starf þeirra á sviði alþjóðlegra staðla til umfjöllunar. Nefndin getur, eftir því sem við á, tilgreint tiltekna staðla sem hafa sérstakt gildi fyrir samningsaðila.

4 Ein gátt.

- 4.1 Samningsaðilar skulu leggja kapp á að koma á fót eða viðhalda einni gátt sem gerir aðilum sem stunda viðskipti kleift að leggja fyrir þátttökuyfirvöld eða -stofnanir skjöl og/eða gögn sem krafist er vegna innflutnings, útflutnings eða umflutnings vara um einn komustað. Þegar þátttökuyfirvöld eða -stofnanir hafa tekið skjöl og/eða gögn til skoðunar skal tilkynna umsækjendum um niðurstöðuna um eina gátt innan hæfilegs tíma.
- 4.2 Ef tekið hefur verið við nauðsynlegum skjölum og/eða gögnum um einu gáttina skulu þátttökuyfirvöld eða -stofnanir ekki gera kröfu um sömu skjöl og/eða gögn nema brýnar aðstæður krefjist slíks og í öðrum takmörkuðum undantekningartilvikum sem eru birt.
- 4.3 Samningsaðilar skulu veita nefndinni upplýsingar um rekstur einu gáttarinnar.
- 4.4 Samningsaðilar skulu, að því marki sem unnt er og raunhæft getur talist, nota upplýsingatækni til að styðja við einu gáttina.

5 Vöruskoðun fyrir sendingu.

- 5.1 Samningsaðilar skulu ekki krefjast vöruskoðunar fyrir sendingu í tengslum við tollflokkun og tollverðsákvörðun.
- 5.2 Með fyrirvara um réttindi samningsaðila til að nota aðrar tegundir vöruskoðunar fyrir sendingu, sem falla ekki undir mgr. 5.1, eru samningsaðilar hvattir til að taka ekki upp eða beita nýjum kröfum varðandi notkun þeirra.¹²

6 Notkun tollmiðlara.

- 6.1 Með fyrirvara um mikilvæg stefnutengd álitamál sumra samningsaðila, sem gera ráð fyrir sérstöku hlutverki tollmiðlara, skulu samningsaðilar ekki innleiða kvöð um notkun tollmiðlara eftir gildistöku þessa samnings.
- 6.2 Sérhver samningsaðili skal tilkynna nefndinni og birta ráðstafanir sínar varðandi notkun tollmiðlara. Tilkynna skal um og birta þegar í stað hvers kyns síðari breytingar á þessu.
- 6.3 Samningsaðilar skulu beita gagnsæjum og hlutlægum reglum hvað varðar leyfisveitingu tollmiðlara.

7 Sameiginleg málsmeðferð við landamæri og samræmdar kröfur um gögn.

- 7.1 Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um mgr. 7.2, beita sameiginlegu tollferli og samræmdum kröfum um gögn vegna afhendingar og tollafgreiðslu vara alls staðar á yfirráðasvæði sínu.
- 7.2 Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að samningsaðili:

¹¹ Ekkert í þessari málsgrein kemur í veg fyrir að samningsaðili geti krafist gagna á borð við vottorð, leyfi eða heimildir vegna innflutnings á eftirlitsskyldum vörum.

¹² Í þessari málsgrein er vísað til vöruskoðunar fyrir sendingu, sem fellur undir samninginn um vöruskoðun fyrir sendingu, og hún kemur ekki í veg fyrir vöruskoðun fyrir sendingu af ástæðum er varða heilbrigði og plöntuheilbrigði.

- a) beiti mismunandi málsmeðferðarreglum og kröfum um gögn, byggt á eðli og tegund vara eða flutningsmáta þeirra,
- b) beiti mismunandi málsmeðferðarreglum og kröfum um gögn um vörur, byggt á áhættu-stjórnun,
- c) beiti mismunandi málsmeðferðarreglum og kröfum um gögn og veiti undanþágu, í heild eða að hluta, frá innflutningstollum og -sköttum,
- d) beiti rafrænni innlagningu eða vinnslu eða
- e) beiti mismunandi málsmeðferðarreglum og kröfum um gögn á þann hátt að samrýmist samningnum um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

8 Vörum hafnað.

- 8.1 Ef lögbært yfirvald samningsaðila hafnar vörum, sem eru lagðar fram til innflutnings, vegna þess að þær uppfylla ekki viðeigandi reglur um heilbrigði dýra og plantna eða tæknilegar reglur skal samningsaðilinn, með fyrirvara um og í samræmi við lög sín og reglur, heimila innflytjanda að senda vörur sínar annað eða endursenda þær vörur, sem hafnað er, til útflytjandans eða annars aðila sem útflytjandi tilnefnir.
- 8.2 Ef sá möguleiki sem fram kemur í mgr. 8.1 er settur fram og innflytjandi nýtir sér hann ekki innan hæfilegra tímamarka getur lögbært yfirvald gripið til annarra aðgerða í tengslum við slíkar vörur sem uppfylla ekki reglur.

9 Tímabundinn aðgangur vara og innri og ytri aðvinnsla.

9.1 Tímabundinn aðgangur vara.

Sérhver samningsaðili getur heimilað, eins og kveðið er á um í lögum hans eða reglum, að létt sé af vörum, sem komið er með inn á tollsvæði hans, að uppfylltum vissum skilyrðum, greiðslu innflutningstolla og -skatta ef komið er með þær inn á tollsvæðið í sérstökum tilgangi, þær eru ætlaðar til endurútflytninga innan tiltekins tíma og hafi engar breytingar verið gerðar á þeim fyrir utan eðlilegar afskriftir og rýrnun í ljósi þess hvernig þær hafa verið nýttar.

9.2 Innri og ytri aðvinnsla.

- a) Sérhver samningsaðili skal heimila, eins og kveðið er á um í lögum hans og reglum, innri og ytri aðvinnslu vara. Heimilt er að flytja inn að nýju vörur, sem fella má undir ytri aðvinnslu, með undanþágu frá innflutningstollum og -sköttum, í heild eða að hluta, í samræmi við lög og reglur samningsaðilans.
- b) Í þessari grein merkir hugtakið „innri aðvinnsla“ tollferli þar sem koma má með tiltekna vörur inn á tollsvæði samningsaðila þar sem, að uppfylltum vissum skilyrðum, létt er af þeim greiðslu innflutningstolla og -skatta eða þær uppfylla skilyrði fyrir afturköllun tolla þar sem þær eru ætlaðar til framleiðslu, vinnslu eða viðgerðar og síðan til útflutnings.
- c) Í þessari grein merkir hugtakið „ytri aðvinnsla“ tollferli þar sem heimilt er að flytja vörur, sem eru í frjálsum flæði á tollsvæði samningsaðila, út til bráðabirgða til framleiðslu, vinnslu eða viðgerða erlendis og flytja þær síðan inn að nýju.

11. gr.

FRJÁLS UMFLUTNINGUR

1. Reglum eða formsatriðum samningsaðila í tengslum við umflutning skal ekki:
 - a) viðhaldið ef aðstæður eða markmið með samþykkt þeirra eru ekki lengur fyrir hendi eða ef hægt er að takast á við breyttar aðstæður eða markmið á þann hátt sem er aðgengilegur með góðu móti og hamlar síður viðskiptum,
 - b) beitt á þann hátt að feli í sér duldar hömlur á umflutning.
2. Umflutningur skal ekki bundinn því skilyrði að álagðar þóknarir og gjöld verði innheimt vegna umflutnings, að frátöldum flutningsgjöldum og gjöldum til að mæta stjórnsýslukostnaði við umflutninginn eða kostnaði vegna veittrar þjónustu.
3. Samningsaðilar skulu hvorki setja, fylgja né viðhalda valfrjálsum takmörkunum eða öðrum svipuðum ráðstöfunum varðandi umflutning. Þetta er með fyrirvara um fyrirliggjandi eða síðari landsbundnar reglur, tvíhliða eða marghliða samkomulag varðandi reglur um flutninga í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

4. Sérhver samningsaðili skal veita vörum, sem verðar fluttar í gegnum yfirráðasvæði annars samningsaðila, ekki óhagstæðari meðferð en veitt er slíkum vörum ef þær eru fluttar frá upprunastað sínum að áfangastað án þess að fara um yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
5. Samningsaðilar eru hvattir til að koma upp, eftir því sem unnt er, aðskildum grunnvirkjum vegna umflutnings (s.s. akreinum, skipalægjum og öðrum sambærilegum grunnvirkjum).
6. Formsatriði, kröfur um gögn og toleftirlit í tengslum við umflutning skulu ekki vera meira íþyngjandi en nauðsyn krefur til að:
 - a) greina vörurnar og
 - b) tryggja að kröfur um umflutning séu uppfylltar.
7. Þegar vörur hafa fengið umflutningsmeðferð og heimilað hefur verið að þær fari frá upphafsstað á yfirráðasvæði samningsaðila skulu þær ekki sæta öðrum tollgjöldum né ónauðsynlegum töfum eða takmörkunum fyrr en umflutningi þeirra er lokið á áfangastað á yfirráðasvæði samningsaðilans.
8. Samningsaðilar skulu hvorki beita tæknilegum reglum né samræmismatsaðferðum í skilningi samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir að því er varðar vörur í umflutningi.
9. Samningsaðilar skulu heimila og setja ákvæði um innlagningu og vinnslu skjala vegna umflutnings og gagna fyrir komu varanna.
10. Þegar vörur í umflutningi eru komnar á þá tollstöð þar sem þær fara frá yfirráðasvæði samningsaðila skal tollstöðin þegar í stað ljúka umflutningsaðgerðinni ef umflutningskröfur hafa verið uppfylltar.
11. Ef samningsaðili gerir kröfu um tryggingu vegna umflutnings í formi sjálfskuldarábyrgðar, tryggingarfjár eða annars peningalegs eða ópeningalegs¹³ gernings skal takmarka hana við að tryggja að þær kröfur sem leiðir af slíkum umflutningi séu uppfylltar.
12. Þegar samningsaðilinn hefur ákvarðað að kröfur hans varðandi umflutning hafa verið uppfylltar skal fella trygginguna niður án tafar.
13. Sérhver samningsaðili skal heimila, á þann hátt sem samrýmist lögum hans og reglum, heildarábyrgðir, sem taka til margfaldra viðskipta fyrir sömu rekstraraðila, eða endurnýjun ábyrgða án niðurfellingar vegna síðari sendinga.
14. Sérhver samningsaðili skal gera þær upplýsingar, sem hann notar við ákvörðun ábyrgðar, aðgengilegar öllum, m.a. ábyrgð vegna stakra viðskipta og, þar sem við á, margfaldra viðskipta.
15. Sérhver samningsaðili getur krafist þess að umflutningur komi með tolllestum eða í tollfylgd fyrir umflutning einungis við aðstæður sem teljast verulega áhættusamar eða þegar ekki er hægt að tryggja að farið sé að tollalögum og -reglum með því að nota ábyrgðir. Birta skal almennar reglur um tolllestir eða tollfylgdir í samræmi við 1. gr.
16. Samningsaðilar skulu leggja kapp á að taka upp samstarf hver við annan og samræma störf sín með það fyrir augum að efla frelsi í umflutningi. Slíkt samstarf og samræming geta m.a. falið í sér, en takmarkast ekki við, samkomulag um:
 - a) gjöld,
 - b) formsatriði og lagaskilyrði og
 - c) hagnýta framkvæmd umflutningskerfa.
17. Sérhver samningsaðili skal leggja kapp á að tilnefna landsbundinn samræmingaraðila þangað sem senda má allar fyrirspurnir og tillögur annarra samningsaðila er varða góða framkvæmd umflutningsaðgerða.

12. gr.

TOLLASAMVINNA

1 Ráðstafanir til að efla reglufylgni og samvinnu.

- 1.1 Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að tryggja að aðilar sem stunda viðskipti séu meðvitaðir um þá skyldu að fara að reglum, hvetja til valfrjálsrar reglufylgni sem gerir innflytjendum kleift að annast sjálfir leiðréttingar án viðurlaga í viðeigandi aðstæðum, og

¹³ Ekkert í þessu ákvæði skal koma í veg fyrir að samningsaðili viðhaldi fyrirbyggjandi verklagsreglum ef hægt er að nota flutningsleiðina sem tryggingu fyrir umflutningi.

beita ráðstöfunum varðandi reglufylgni til þess að taka upp strangari ráðstafanir gagnvart þeim sem fylgja ekki reglum.¹⁴

- 1.2 Samningsaðilar eru hvattir til að miðla upplýsingum um bestu starfsvenjur í tengslum við eftirlit með því að farið sé að tollareglum, m.a. fyrir milligöngu nefndarinnar. Samningsaðilar eru hvattir til að starfa saman að tæknilegri leiðsögn eða aðstoð og stuðningi til þekkingaruppbyggingar í þeim tilgangi að stýra ráðstöfunum um reglufylgni og efla skilvirkni þeirra.

2 Upplýsingaskipti.

- 2.1 Samningsaðilar skulu, að fenginni beiðni og með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar, skiptast á þeim upplýsingum sem fjallað er um í b- og/eða c-lið mgr. 6.1 í þeim tilgangi að sannreyna inn- eða útflutningsskýrslu í ákveðnum málum þegar fyrir liggja gildar ástæður til að draga í efa sannleiksgildi eða nákvæmni skýrslunnar.
- 2.2 Sérhver samningsaðili skal senda nefndinni tilkynningu með upplýsingum um tengilið sinn vegna skipta á þessum upplýsingum.

3 Sannprófun.

Samningsaðili skal fara fram á upplýsingar því aðeins að hann hafi látið fara fram viðeigandi sannprófun á inn- eða útflutningsskýrslu og skoðað viðeigandi fyrirbyggjandi gögn.

4 Beiðni.

- 4.1 Samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, skal láta þeim samningsaðila, sem beiðni er beint til, í té skriflega beiðni, á pappír eða með rafrænum aðferðum, á opinberu tungumáli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem er samþykkt með gagnkvæmum hætti eða á öðru tungumáli sem er samþykkt með gagnkvæmum hætti, með m.a. upplýsingum um:
- málefnið sem um ræðir, þ.m.t., eftir því sem við á og fyrir liggur, númer til auðkenningar á útflutningsskýrslunni sem samsvarar viðkomandi innflutningsskýrslu,
 - ástæðu þess að samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, leitar upplýsinga eða gagna, ásamt nöfnum og samskiptaupplýsingum fyrir aðila sem beiðnina varðar, ef það er vitað,
 - staðfestingu¹⁵ á sannprófun, eftir því sem við á, ef samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hefur farið fram á það,
 - sértækar upplýsingar eða gögn sem beiðni er um,
 - það hver sú skrifstofa er sem leggur beiðnina fram upphaflega,
 - vísanir til ákvæða í landslögum og réttarkerfi samningsaðilans, sem leggur beiðnina fram, um söfnun, vernd, notkun, miðlun, geymslu og eyðingu trúnaðarupplýsinga og persónuupplýsinga.
- 4.2 Ef samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni fram, er ekki í aðstöðu til að uppfylla neina undirgrein í mgr. 4.1 skal hann tilgreina það í beiðni sinni.

5 Vernd og trúnaðarkvöð.

- 5.1 Samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, skal, með fyrirvara um mgr. 5.2:
- geyma allar upplýsingar eða gögn, sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, leggur fram í ýtrasta trúnaði, og veita a.m.k. sömu vernd og sama trúnað og látinn er í té samkvæmt landslögum og réttarkerfi samningsaðilans, sem beiðni er beint til, eins og hann lýsir skv. b- eða c-lið í mgr. 6.1,
 - láta eingöngu tollyfirvöldum í té upplýsingar eða gögn sem varða viðkomandi mál og nota upplýsingarnar eða gögnin einungis í þeim tilgangi sem fram kemur í beiðninni nema samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, samþykki annað skriflega,
 - ekki greina frá upplýsingum eða gögnum nema að fengnu sérstöku skriflegu leyfi samningsaðilans sem beiðni er beint til,
 - ekki nota óstaðfestar upplýsingar eða gögn frá samningsaðilanum, sem beiðni er beint til, sem ákvarðandi þáttar við að eyða vafa í vissum aðstæðum,

¹⁴ Heildarmarkmiðið með slíku starfi er að draga úr tíðni tilvika þar sem ekki er farið að reglum og draga þar með úr þörfinni á að skiptast á upplýsingum í tengslum við framfylgd reglna.

¹⁵ Þetta getur tekið til viðeigandi upplýsinga um sannprófun sem fram fer skv. 3. mgr. Slíkar upplýsingar skulu falla undir þá vernd og þær trúnaðarkvæðir sem samningsaðilinn, sem annast sannprófunina, tilgreinir.

- e) virða hvers kyns skilyrði tengd málinu sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, setur fram varðandi geymslu og eyðingu trúnaðarupplýsinga eða -gagna og persónuupplýsinga og
 - f) upplýsa, að ósk samningsaðilans, sem beiðni er beint til, um hvers kyns ákvarðanir og aðgerðir í málinu í kjölfar þeirra upplýsinga eða gagna sem eru látni í té.
- 5.2 Samningsaðilinn, sem leggur beiðni fram, kann að vera ófær um að fara að undirgreinum mgr. 5.1. samkvæmt landslögum sínum og réttarkerfi. Ef það er reyndin skal samningsaðilinn, sem leggur beiðni fram, tilgreina það í beiðninni.
- 5.3 Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal veita upplýsingum varðandi beiðni og sannprófun, sem hann tekur við skv. 4. mgr., a.m.k. jafnmikla vernd og trúnað og hann veitir eigin upplýsingum af svipuðum toga.

6 Tilhögun upplýsingamiðlunar.

- 6.1 Með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, þegar í stað:
- a) veita skriflegt svar á pappír eða með rafrænum hætti,
 - b) láta í té sértækar upplýsingar eins og fram kemur í inn- eða útflutningsskýrslunni, eða skýrslunni, að því marki sem þær liggja fyrir, ásamt lýsingu á umfangi verndar og trúnaðarkvaða sem samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, gerir kröfu um,
 - c) ef farið er fram á það, láta í té, að því marki sem unnt er, sértækar upplýsingar eins og fram kemur í eftirtöldum skjölum eða þeim skjölum sem eru lögð fram til stuðnings inn- eða útflutningsskýrslu: vörureikning, þökkunarskrá, upprunavottorð og farmbréf á því formi sem þau voru lögð fram, hvort sem það er á pappír eða rafrænu formi, ásamt lýsingu á umfangi verndar og trúnaðar sem krafist er af samningsaðilanum sem leggur fram beiðni,
 - d) staðfesta að skjölin sem látni eru í té séu staðfest endurrit,
 - e) láta upplýsingarnar í té eða bregðast á annan hátt við beiðninni, að því marki sem unnt er, innan 90 daga frá því hún var lögð fram.
- 6.2 Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, getur samkvæmt landslögum sínum og réttarkerfi krafist staðfestingar, áður en upplýsingar eru láttnar í té, á því að þessar sértæku upplýsingar verði ekki notaðar sem sönnunargögn við rannsókn sakamáls, dómsmeðferð eða meðferð utan tollamála án sérstaks skriflegs leyfis samningsaðilans sem beiðni er beint til. Ef samningsaðilinn, sem leggur beiðni fram, er ekki í aðstöðu til að uppfylla þessa kröfu skal hann greina samningsaðilanum, sem beiðni er beint til, frá því.

7 Frestun eða synjun beiðni.

- 7.1 Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur frestað eða synjað beiðni um upplýsingar, í heild eða að hluta, og skal upplýsa samningsaðilann, sem leggur fram beiðni, um ástæður þess þegar:
- a) það væri andstætt almannahagsmunum eins og fram kemur í landslögum og réttarkerfi samningsaðilans sem beiðni er beint til,
 - b) landslög hans og réttarkerfi koma í veg fyrir upplýsingagjöf. Í því tilviki skal hann láta samningsaðilanum, sem leggur fram beiðni, í té endurrit af viðeigandi, sértækri heimild,
 - c) upplýsingagjöf mundi torvela löggæslu eða trufla með öðrum hætti yfirstandandi stjórn-sýslu- eða dómsrannsókn, -saksókn eða málsmeðferð,
 - d) samþykkis innflytjanda eða útflytjanda er krafist í samræmi við landslög hans eða réttarkerfi hvað varðar söfnun, vernd, notkun, miðlun, geymslu og eyðingu trúnaðarupplýsinga eða persónuupplýsinga og þegar samþykki er ekki veitt eða
 - e) tekið er við beiðni um upplýsingar eftir gildislok lagaskilyrðisins sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, setur um geymslu skjala.
- 7.2 Við þær aðstæður, sem fram koma í mgr. 4.2, 5.2 eða 6.2, skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hafa sjálfðæmi um afgreiðslu slíkrar beiðni.

8 Gagnkvæmni.

Ef samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, telur að hann væri ófær um að verða við sambærilegri beiðni ef samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, legði hana fram eða ef hann hefur enn ekki komið þessari grein til framkvæmda skal hann greina frá þeirri staðreynd í beiðni sinni. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal hafa sjálfðæmi um afgreiðslu slíkrar beiðni.

9 Stjórnsýslubyrði.

- 9.1 Samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, skal hafa hliðsjón af getu og kostnaði samningsaðilans, sem beiðni er beint til, við að verða við beiðnum um upplýsingar. Samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, skal skoða hvort þeir fjárhagslegu hagsmunir sem hann hefur af því að fylgja eftir beiðni sinni séu hæfilegir borið saman við fyrirhöfn samningsaðilans, sem beiðni er beint til, við að láta upplýsingarnar í té.
- 9.2 Ef samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, fær til sín óviðráðanlegan fjölda beiðna um upplýsingar eða beiðni um upplýsingar frá einum samningsaðila eða fleiri er of umfangsmikil og hann er ekki fær um að sinna slíkum beiðnum innan hæfilegs frests getur hann farið fram á það við einn samningsaðilanna eða fleiri að hann eða þeir forgangsraði þeim með það fyrir augum að ná samkomulagi um raunhæfan frest innan þeirra marka sem geta hans leyfir. Ef ekki liggur fyrir nálgun, sem aðilar samþykkja gagnkvæmt, skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hafa sjálfðæmi um afgreiðslu slíkra beiðna, byggt á niðurstöðum um forgangsröðun hans.

10 Takmarkanir.

Samningsaðili, sem beiðni er beint til, þarf ekki:

- a) að breyta sniði inn- eða útflutningsskýrslna sinna eða verklagsreglum við inn- eða útflutning,
- b) að kalla eftir öðrum gögnum en þeim sem lögð eru fram með inn- eða útflutningsskýrslunni eins og tilgreint er í c-lið mgr. 6.1,
- c) að hefja eftirgrennslan til að fá upplýsingarnar,
- d) að breyta geymslutíma slíkra upplýsinga,
- e) að taka upp gögn á pappír ef rafrænt snið hefur þegar verið tekið upp,
- f) að þýða upplýsingarnar,
- g) að sannreyna áreiðanleika upplýsinganna,
- h) að láta í té upplýsingar sem mundu hafa áhrif á lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna opinberra eða einkarekinna fyrirtækja.

11 Óheimil notkun eða birting.

- 11.1 Ef farið er á svig við skilyrði fyrir notkun eða birtingu upplýsinga, sem skipst er á samkvæmt þessari grein, skal samningsaðilinn, sem lagði fram beiðni og fékk upplýsingarnar, þegar í stað senda samningsaðilanum, sem beiðni var beint til og lét í té upplýsingarnar, upplýsingar um þá óheimilu notkun eða birtingu og:
 - a) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á brotinu,
 - b) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari brot og
 - c) tilkynna samningsaðilanum, sem beiðni er beint til, um þær ráðstafanir sem gerðar eru skv. a- og b-lið.
- 11.2 Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, getur frestað skuldbindingum sínum gagnvart samningsaðilanum, sem leggur fram beiðni, samkvæmt þessari grein þar til þær ráðstafanir, sem settar eru fram í mgr. 11.1, hafa verið gerðar.

12 Tvíhliða og svæðisbundnir samningar.

- 12.1 Ekkert í þessari grein skal koma í veg fyrir að samningsaðili geri eða haldi tvíhliða, marghliða eða svæðisbundinn samning um miðlun og skipti á tollupplýsingum og -gögnum, einnig á öryggis- og flýtigrunðvelli, s.s. með sjálfvirkum hætti eða fyrir komu sendingar.
- 12.2 Ekki skal túlka neitt í þessari grein svo að það breyti eða hafi áhrif á réttindi eða skyldur samningsaðila samkvæmt slíkum tvíhliða, marghliða eða svæðisbundnum samningum, eða að hún segi til um skipti á tollupplýsingum og -gögnum samkvæmt öðrum samningum af þessu tagi.

II. ÞÁTTUR
**ÁKVÆÐI UM SÉRSTAKA OG MISMUNANDI MEÐFERÐ FYRIR
 SAMNINGSADILA SEM ERU ÞRÓUNARLÖND OG LÖND SEM
 ERU SKEMMST Á VEG KOMIN Í ÞRÓUN**

13. gr.

ALMENNAR MEGINREGLUR

1. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd eða lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, skulu koma ákvæðum 1.–12. gr. þessa samnings til framkvæmda í samræmi við þennan þátt, byggt á þeim aðferðum sem eru samþykktar í viðauka D við rammasamninginn frá júlí 2004 (WT/L/579) og í 33. mgr. Hong Kong ráðherraýfirlýsingarinnar (WT/MIN(05)/DEC) og viðauka E við hana.
2. Veita ætti aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar¹⁶ til þess að hjálpa samningsaðilum, sem eru þróunarlönd eða lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, við að koma ákvæðum þessa samnings til framkvæmda í samræmi við eðli þeirra og umfang. Umfang og tímasetning framkvæmdar ákvæða þessa samnings skulu tengjast framkvæmdargetu samningsaðila sem eru þróunarlönd og lönd sem er skemmst á veg komin í þróun. Ef samningsaðila, sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun, skortir áfram nauðsynlega getu verður framkvæmdar viðkomandi ákvæðis (ákvæða) ekki krafist fyrr en fullri framkvæmdargetu hefur verið náð.
3. Samningsaðilar, sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, munu einungis taka á sig skuldbindingar að því marki sem samrýmist þróunarstigi hvers um sig, fjárhagslegum og viðskiptalegum þörfum eða getu stjórnsýslu og stofnana.
4. Beita skal þessum meginreglum með þeim ákvæðum sem sett eru fram í II. þætti.

14. gr.

Flokkar ákvæða.

1. Fyrir hendi eru þrjú flokkar ákvæða:
 - a) Í flokki A eru ákvæði sem samningsaðili, sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun, tiltekur að komi til framkvæmda við gildistöku þessa samnings eða, í tilviki samningsaðila, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, innan árs frá gildistöku, eins og kveðið er á um í 15. gr.
 - b) Í flokki B eru ákvæði sem samningsaðili, sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun, tiltekur að komi til framkvæmda eftir umbreytingartímabil í kjölfar gildistöku þessa samnings, eins og kveðið er á um í 16. gr.
 - c) Í flokki C eru ákvæði sem samningsaðili, sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun, tiltekur að komi til framkvæmda eftir umbreytingartímabil í kjölfar gildistöku þessa samnings og sem krefjast framkvæmdargetu á grundvelli veittrar aðstoðar og stuðnings til þekkingaruppbyggingar, eins og kveðið er á um í 16. gr.
2. Sérhver samningsaðili, sem er þróunarland og land sem er skemmst á veg komið í þróun, skal sjálfur tiltaka þau ákvæði sem hann hyggst fella undir flokk A, B og C.

15. gr.

TILKYNNING OG FRAMKVÆMD FLOKKS A

1. Við gildistöku þessa samnings skal hver samningsaðili, sem er þróunarland, koma skuldbindingum sínum í flokki A til framkvæmda. Þær skuldbindingar, sem eru tilteknar samkvæmt flokki A, verða þar með óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.
2. Samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, getur tilkynnt nefndinni um þau ákvæði sem hann hefur tiltekið í flokki A í allt að eitt ár eftir gildistöku þessa samnings. Skuldbindingar sérhvers samningsaðila, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, sem eru tilteknar í flokki A verða þar með óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

¹⁶ Að því er þennan samning varðar getur aðstoð og stuðningur til þekkingaruppbyggingar verið í formi tæknilegrar aðstoðar, fjárhagslegrar aðstoðar eða á öðru formi sem er samþykkt með gagnkvæmum hætti.

16. gr.

*TILKYNNING UM ENDANLEGAR DAGSETNINGAR
VEGNA FRAMKVÆMDAR FLOKKS B OG FLOKKS C*

1. Að því er varðar ákvæði um að samningsaðili, sem er þróunarland, hafi ekki tiltekið í flokki A getur samningsaðilinn seinkað framkvæmd í samræmi við það ferli sem er sett fram í þessari grein.
Samningsland, sem er þróunarland, flokkur B
 - a) Sérhver samningsaðili, sem er þróunarland, getur, við gildistöku þessa samnings, tilkynnt nefndinni um þau ákvæði sem hann hefur tiltekið í flokki B og samsvarandi viðmiðunardagsetningar vegna framkvæmdar.¹⁷
 - b) Eigi síðar en ári eftir gildistöku þessa samnings skal sérhver samningsaðili, sem er þróunarland, tilkynna nefndinni um endanlegar dagsetningar sínar hvað varðar framkvæmd þeirra ákvæða sem hann hefur tiltekið í flokki B. Ef samningsaðili, sem er þróunarland, telur, fyrir lok þessa frests, að hann þurfi lengri tíma til að tilkynna um endanlegar dagsetningar sínar getur samningsaðilinn farið fram á það við nefndina að hún framlengi tímabilið.
Samningsaðili, sem er þróunarland, flokkur C
 - c) Sérhver samningsaðili, sem er þróunarland, getur, við gildistöku þessa samnings, tilkynnt nefndinni um þau ákvæði sem hann hefur tiltekið í flokki C og samsvarandi viðmiðunardagsetningar vegna framkvæmdar. Í þágu gagnsæis skal koma fram í framlögðum tilkynningum upplýsingar um aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar sem samningsaðilinn þarfnast vegna framkvæmdar.¹⁸
 - d) Samningsaðili, sem er þróunarland, og viðkomandi samningsaðilar, sem eru framlagsveitendur, skulu, innan árs frá gildistöku þessa samnings, með hliðsjón af samkomulagi sem er þegar fyrir hendi, tilkynningum skv. 1. mgr. 22. gr. og upplýsingum sem eru lagðar fram skv. c-lið hér að framan, láta nefndinni í té upplýsingar um fyrirbyggjandi samkomulag eða samkomulag sem gert er og er nauðsynlegt til að veita aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar til að unnt sé að koma flokki C til framkvæmda.¹⁹ Samningsaðili, sem er þátttakandi og þróunarland, skal þegar í stað upplýsa nefndina um slíkt samkomulag. Nefndin skal einnig bjóða framlagsveitendum, sem eru ekki samningsaðilar, að leggja fram upplýsingar um fyrirbyggjandi eða frágengið samkomulag.
 - e) Innan 18 mánaða frá því að upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í d-lið eru látnar í té, skulu samningsaðilar, sem eru framlagsveitendur, og viðkomandi samningsaðilar, sem eru þróunarlönd, upplýsa nefndina um framvinduna við að láta í té aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar. Sérhver samningsaðili, sem er þróunarland, skal tilkynna á sama tíma skrá sína yfir endanlega dagsetningar vegna framkvæmdar.
2. Samningsaðilar, sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, geta, í samræmi við það ferli sem er sett fram í þessari grein, dregið framkvæmd ákvæða sem samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, hefur ekki tiltekið í flokki A.
Samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, flokkur B
 - a) Eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessa samnings skal samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, tilkynna nefndinni um ákvæði sín í flokki B og getur tilkynnt samsvarandi viðmiðunardagsetningar sínar vegna framkvæmdar þessara ákvæða, með hliðsjón af mesta mögulega sveigjanleika samningsaðila sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.

¹⁷ Í þeim tilkynningum, sem eru lagðar fram, geta einnig komið fram frekari upplýsingar eftir því sem samningsaðilinn, sem sendir tilkynninguna, telur viðeigandi. Samningsaðilar eru hvattir til að láta í té upplýsingar um stofnun eða aðila innanlands sem bera ábyrgð á framkvæmd.

¹⁸ Samningsaðilar geta einnig lagt fram upplýsingar um innlendar landsáætlanir eða -verkefni um viðskiptalíprun, um landsbundnar stofnanir eða aðila sem bera ábyrgð á framkvæmd og þá framlagsveitendur sem samningsaðilarnir hafa gert samkomulag við um að veita aðstoð.

¹⁹ Slíkt samkomulag verður, með skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um, annaðhvort tvíhliða eða með atbeina viðeigandi alþjóðastofnana, í samræmi við 3. mgr. 21. gr.

- b) Eigi síðar en tveimur árum eftir þá tilkynningardagsetningu, sem mælt er fyrir um skv. a-lið hér að framan, skal sérhver samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, senda nefndinni tilkynningu til að staðfesta tilnefningu ákvæða og tilkynningu um dagsetningar sínar vegna framkvæmdar. Ef samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, telur, fyrir lok frestsins, að hann þurfi lengri tíma til að tilkynna um endanlegar dagsetningar sínar getur samningsaðilinn farið fram á það við nefndina að hún framlengi frestinn til að tilkynna dagsetningar nægilega.
- Samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, flokkur C
- c) Í þágu gagnsæis og til að greiða fyrir samkomulagi við framlagsveitendur skal sérhver samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, tilkynna nefndinni um þau ákvæði sem hann hefur tiltekið í flokki C, einu ári eftir að þessi samningur tekur gildi, með tilliti til mesta mögulega sveigjanleika samningsaðila sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.
- d) Einu ári eftir þann dag, sem mælt er fyrir í c-lið hér að framan, skulu samningsaðilar, sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, tilkynna upplýsingar um aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar sem samningsaðilinn þarfnast vegna framkvæmdar.²⁰
- e) Eigi síðar en tveimur árum eftir tilkynninguna skv. d-lið hér að framan skulu samningsaðilar, sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, og samningsaðilar, sem er framlagsveitendur, með tilliti til þeirra upplýsinga sem eru lagðar fram í samræmi við d-lið hér að framan, láta nefndinni í té upplýsingar um það samkomulag sem er í gildi eða gert er og er nauðsynlegt til að veita aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar til þess að koma flokki C til framkvæmda.²¹ Samningsaðili, sem er þátttakandi og land sem er skemmst á veg komið í þróun, skal þegar í stað upplýsa nefndina um slíkt samkomulag. Samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, tilkynnir viðmiðunardagsetningar vegna framkvæmdar samsvarandi skuldbindinga í flokki C sem falla undir samkomulag um aðstoð og stuðning. Nefndin skal einnig bjóða samningsaðilum, sem eru ekki framlagsveitendur, að leggja fram upplýsingar um fyrirliggjandi eða frágengið samkomulag.
- f) Eigi síðar en 18 mánuðum eftir að upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í e-lið, eru láttnar í té skulu viðkomandi samningsaðilar, sem eru framlagsveitendur, og viðkomandi samningsaðilar, sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, upplýsa nefndina um framvinduna við að láta í té aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar. Sérhver samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, tilkynnir á sama tíma skrá sína yfir endanlega dagsetningar vegna framkvæmdar.
3. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd, og samningsaðilar, sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem eiga í erfiðleikum með að leggja fram endanlegar dagsetningar vegna framkvæmdar innan þeirra fresta sem eru settir fram í 1. og 2. mgr., vegna þess að ekki liggur fyrir stuðningur framlagsveitenda eða veitingu aðstoðar og stuðnings til þekkingaruppbyggingar vindur hægt fram, ættu að tilkynna nefndinni það eins skjótt og unnt er og áður en þessir frestir renna úr gildi. Samningsaðilar eru sammála um að starfa saman að því að aðstoða við að leysa þessa erfiðleika með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum og vandamálum sem viðkomandi samningsaðili stendur frammi fyrir. Nefndin skal, eftir því sem við á, grípa til aðgerða til þess að leysa erfiðleikana, m.a., ef nauðsyn krefur, með því að framlengja fresti fyrir viðkomandi samningsaðila til þess að tilkynna endanlegar dagsetningar sínar.
4. Þremur mánuðum fyrir lok frestsins, sem mælt er fyrir um í b- eða e-lið 1. mgr., eða ef um er að ræða samningsaðila, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, í b- eða f-lið 2. mgr., skal skrifstofan minna samningsaðila, sem hefur ekki tilkynnt endanlega dagsetningu fyrir framkvæmd ákvæða sem hann hefur tiltekið í flokki B eða C, á að það sé enn ógert. Ef samningsaðilinn skírskotar ekki til 3. mgr. eða, þegar um er að ræða samningsaðila sem er þróunarland, til b-liðar

²⁰ Samningsaðilar geta einnig lagt fram upplýsingar um innlendar landsáætlanir eða -verkefni um viðskiptalíprun, um landsbundnar stofnanir eða aðila sem bera ábyrgð á framkvæmd og þá framlagsveitendur sem samningsaðilarnir hafa gert samkomulag við um að veita aðstoð.

²¹ Slíkt samkomulag verður, með skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um, annaðhvort tvíhliða eða með atbeina viðeigandi alþjóðastofnana, í samræmi við 3. mgr. 21. gr.

1. mgr. eða, þegar um er að ræða samningsaðila sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, til b-liðar 2. mgr. til þess að framlengja frestinn og tilkynnir enn ekki endanlega dagsetningu vegna framkvæmdar skal samningsaðilinn koma ákvæðunum til framkvæmda innan eins árs frá lokum frestsins sem mælt er fyrir um í b- eða e-lið 1. mgr. eða, þegar um er að ræða samningsaðila sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, í b- eða f-lið 2. mgr. eða er framlengdur með 3. mgr.
5. Eigi síðar en 60 dögum eftir að tilkynna á endanlegar dagsetningar vegna framkvæmdar ákvæða í flokki B og C í samræmi við 1., 2. eða 3. mgr. skal nefndin hafa hliðsjón af þeim viðaukum þar sem fram koma endanlegar dagsetningar hvers samningsaðila vegna framkvæmdar ákvæða í flokki B og C, m.a. dagsetningar sem eru settar skv. 4. mgr., en þar með yrðu þessir viðaukar óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

17. gr.

*SNEMMVIÐVÖRUNARKERFI: FRAMLENGING FRAMKVÆMDARFRESTS
VEGNA ÁKVÆÐA Í FLOKKI B OG C*

1. a) Samningsaðili, sem er þróunarland, eða samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, sem telur sig eiga í erfiðleikum með framkvæmd ákvæðis sem hann hefur tiltekið í flokki B eða C innan þeirrar endanlegu dagsetningar sem ákveðin er skv. b- eða e-lið 16. gr. eða, þegar um er að ræða samningsaðila sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, skv. b- eða f-lið 2. mgr. 16. gr. ætti að tilkynna það nefndinni. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd, skulu senda nefndinni tilkynningu eigi síðar en 120 dögum fyrir lok framkvæmdarfrestsins. Samningsaðilar, sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, skulu senda nefndinni tilkynningu eigi síðar en 90 dögum fyrir þennan dag.
- b) Í tilkynningunni til nefndarinnar skal tilgreina nýjan dag sem samningsaðili, sem er þróunarland, eða land, sem er skemmst á veg komið í þróun, áætla að unnt verði að koma viðkomandi ákvæði til framkvæmda. Í tilkynningunni skal einnig tilgreina ástæður væntanlegra tafa við framkvæmd. Slíkar ástæður geta m.a. verið þörf fyrir aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar sem ekki var gert ráð fyrir eða viðbótaraðstoð og -stuðningur til að stuðla að þekkingaruppbyggingu.
2. Ef beiðni samningsaðila, sem er þróunarland, um viðbótartíma vegna framkvæmdar fer ekki yfir 18 mánuði eða beiðni samningsaðila, sem er skemmst á veg kominn í þróun, um viðbótartíma fer ekki yfir 3 ár er samningsaðilanum, sem leggur fram beiðni, heimilt að nýta slíkan viðbótartíma án frekari aðgerða af hálfu nefndarinnar.
3. Þegar samningsaðili, sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun, telur sig þurfa lengri framlengingu en kveðið er á um í 2. mgr. eða aðra eða frekari framlengingar skal hann leggja fyrir nefndina beiðni um framlengingu þar sem fram koma þær upplýsingar sem lýst er í b-lið 1. mgr. eigi síðar en 120 dögum, ef um er að ræða samningsaðila sem er þróunarland, og 90 dögum, ef um er að ræða samningsaðila sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, áður en upphafleg endanleg dagsetning vegna framkvæmda rennur upp eða dagsetning samkvæmt síðari framlengingu.
4. Nefndin skal taka það til vinsamlegrar athugunar að verða við beiðnum um framlengingu með hliðsjón af sérstökum aðstæðum þess samningsaðila sem leggur fram beiðnina. Þessar aðstæður geta m.a. verið erfiðleikar eða tafir við að fá aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar.

18. gr.

FRAMKVÆMD ÁKVÆÐA Í FLOKKI B og C

1. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. ef samningsaðili, sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun, hefur fylgt þeim verklagsreglum sem eru settar fram í 1. eða 2. mgr. 16. gr. og í 17. gr. og þegar umbeðin framlenging hefur ekki verið veitt eða þegar samningsaðili, sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun, lendir á annan hátt í ófyrirséðum aðstæðum sem koma í veg fyrir að unnt sé að veita framlengingu skv. 17. gr., metur sjálfur að geta hans til þess að koma ákvæði í flokki C til framkvæmda sé ekki fyrir hendi, skal hann tilkynna nefndinni um að hann sé ekki fær um að koma viðkomandi ákvæði til framkvæmda.

2. Nefndin skal koma á fót hópi sérfræðinga án tafar, og eigi síðar en 60 dögum eftir að hún fær tilkynningu frá viðkomandi samningsaðila sem er þróunarland eða land sem er skemmst á veg komið í þróun. Sérfræðingahópurinn skal fjalla um málið og leggja fyrir nefndina tilmæli innan 120 daga frá því að honum er komið á fót.
3. Sérfræðingahópurinn skal skipaður fimm óháðum einstaklingum sem eru mjög hæfir á sviðum er varða viðskiptaliprun og aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar. Skipan sérfræðingahópsins skal tryggja jafnvægi milli ríkisborgara samningsaðila sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun. Ef samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, kemur að málinu skal sérfræðingahópurinn hafa á að skipa a.m.k. einum ríkisborgara samningsaðila sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun. Ef nefndin getur ekki komið sér saman um skipan sérfræðingahópsins innan 20 daga frá því að honum var komið á fót skal aðalframkvæmdastjórnin ákveða, í samráði við formann nefndarinnar, skipan sérfræðingahópsins í samræmi við skilmála þessarar málsgreinar.
4. Sérfræðingahópurinn skal taka til athugunar sjálfsmat samningsaðilans varðandi skort á getu og leggja tilmæli fyrir nefndina. Við athugun á tilmælum sérfræðingahópsins hvað varðar samningsaðila, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, skal nefndin grípa til aðgerða, eftir því sem við á, sem munu greiða fyrir því að varanleg geta til framkvæmda náist.
5. Samningsaðilinn skal ekki sæta málsmeðferð samkvæmt samkomulagi um lausn deilumála í þessu efni eftir að samningsaðili, sem er þróunarland, tilkynnir nefndinni um vangetu sína til að koma viðkomandi ákvæði til framkvæmda fram að fyrsta fundi nefndarinnar eftir að hún fær tilmæli frá sérfræðingahópnum. Á fundinum skal nefndin taka tilmæli sérfræðingahópsins til athugunar. Að því er varðar samningsaðila, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, gildir málsmeðferðin samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála ekki um viðkomandi ákvæði frá þeim degi þegar nefndinni er tilkynnt um vangetu hans til að koma ákvæðinu til framkvæmda þar til nefndin tekur ákvörðun um málið eða innan 24 mánaða frá fyrsta fundardegi nefndarinnar sem fram kemur hér að framan, eftir því hvort ber fyrir að.
6. Ef samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, er ekki lengur fær um að uppfylla skuldbindingu samkvæmt flokki C getur hann tilkynnt nefndinni þar um og fylgt þeim verklagsreglum sem settar eru fram í þessari grein.

19. gr.

TILFÆRSLA MILLI FLOKKA B OG C

1. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og hafa tilkynnt um ákvæði samkvæmt flokki B og C, geta fært ákvæði milli þessara flokka með því að leggja tilkynningu þar um fyrir nefndina. Ef samningsaðili gerir tillögu um að færa ákvæði frá flokki B til flokks C skal hann veita upplýsingar um þá aðstoð og stuðning sem þarf til þekkingaruppbyggingar.
2. Ef þörf er á lengri tíma til að færa ákvæði frá flokki B yfir í flokk C er samningsaðilanum heimilt:
 - a) að beita ákvæðum 17. gr., þ.m.t. möguleikanum á sjálfkrafa framlengingu, eða
 - b) að óska eftir að nefndin kanni beiðni samningsaðilans um viðbótartíma til að koma ákvæðinu í framkvæmd og, ef nauðsyn krefur, um aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar, þ.m.t. möguleikann á endurskoðun og tilmælum sérfræðingahópsins skv. 18. gr., eða
 - c) að krefjast samþykkis nefndarinnar, ef í hlut á samningsaðili sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, fyrir nýrri framkvæmdardagsetningu sem er meira en fjórum árum eftir upphaflegu dagsetninguna sem tilkynnt var samkvæmt flokki B. Að auki skal samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun, áfram geta nýtt sér ákvæði 17. gr. Litið er svo á að samningsaðili, sem er land sem er skemmst á veg komið í þróun og grípur til slíkrar tilfærslu, hafi þörf fyrir aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar.

20. gr.

*FRESTUR TIL AÐ BEITA SAMKOMULAGI UM REGLUR
OG MÁLSMEÐFERÐ VIÐ LAUSN DEILUMÁLA*

1. Í tvö ár eftir gildistöku þessa samnings skulu ákvæði XXII. og XXIII. kafla GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru áréttuð og notuð í samkomulaginu um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála, ekki gilda við lausn deilumála gagnvart samningsaðila, sem er þróunarland, að því er varðar ákvæði sem samningsaðilinn hefur tiltekið í flokki A.
2. Í sex ár eftir gildistöku þessa samnings skulu ákvæði XXII. og XXIII. kafla GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru áréttuð og notuð í samkomulaginu um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála, ekki gilda við lausn deilumála gagnvart samningsaðila, sem er land sem er skemmt á veg komið í þróun, að því er varðar ákvæði sem samningsaðilinn hefur tiltekið í flokki A.
3. Í átta ár eftir að samningsaðili, sem er land sem er skemmt á veg komið í þróun, hefur komið ákvæði í flokki B eða C í framkvæmd skulu ákvæði XXII. og XXIII. kafla GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru áréttuð og notuð í samkomulaginu um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála, ekki gilda við lausn deilumála gagnvart umræddum samningsaðila, sem er land sem er skemmt á veg komið í þróun, að því er varðar viðkomandi ákvæði.
4. Þrátt fyrir frestinn til að beita samkomulaginu um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála skal samningsaðili taka sérstakt tillit til sérstakra aðstæðna samningsaðila, sem eru land sem er skemmt á veg komið í þróun, áður en hann leggur fram beiðni um samráð skv. XXII. eða XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og á öllum stigum málsmeðferðar við lausn deilumála með hliðsjón af ráðstöfun af hálfu samningsaðila sem er land sem er skemmt á veg komið í þróun. Með hliðsjón af þessu skulu samningsaðilar sýna tilhlýðilegt aðhald í að taka mál til umfjöllunar samkvæmt samkomulagi um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála þegar í hluta eiga samningsaðilar sem eru lönd sem eru skemmt á veg komin í þróun.
5. Sérhver samningsaðili skal, samkvæmt beiðni, meðan fresturinn sem veittur er samkvæmt þessari grein varir, veita samningsaðilum fullnægjandi tækifæri til viðræðna að því er varðar hvers konar málefni sem tengjast framkvæmd þessa samnings.

21. gr.

AÐSTOÐ OG STUÐNINGUR TIL ÞEKINGARUPPBYGGINGAR

1. Samningsaðilar, sem eru framlagsveitendur, samþykkja að greiða fyrir aðstoð og stuðningi til handa samningsaðilum, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmt á veg komin í þróun, til þekkingaruppbyggingar með skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um, annaðhvort tvíhliða eða með atbeina viðeigandi alþjóðastofnana. Markmiðið er að aðstoða samningsaðila, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmt á veg komin í þróun, við að koma ákvæðum I. þáttar þessa samnings til framkvæmda.
2. Í ljósi sérstakra þarfa samningsaðila, sem eru lönd, sem eru skemmt á veg komin í þróun, ætti að veita þessum samningsaðilum markvissa aðstoð og stuðning til að hjálpa þeim að byggja upp varanlega getu til að koma skuldbindingum sínum í framkvæmd. Með viðeigandi fyrirkomulagi þróunarsamvinnu og í samræmi við meginreglur um tækniástoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar, eins og um getur í 3. mgr., skulu samstarfsaðilar í þróunarmálum leggja kapp á að veita aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar á þessu sviði með þeim hætti að það tefli ekki gildandi forgangsverkefnum á sviði þróunar í tvísýnu.
3. Samningsaðilar skulu leggja kapp á að beita eftirfarandi meginreglum um veitingu aðstoðar og stuðnings til þekkingaruppbyggingar með tilliti til framkvæmdar þessa samnings:
 - a) taka tillit til heildarumgjörðar þróunarmála hjá viðtökulöndum og -svæðum og, eftir því sem við á og rétt þykir, yfirstandandi áætlana um umbætur og tækniástoð,
 - b) þær skulu taka til, eftir því sem við á og rétt þykir, aðgerða til að bregðast við áskorunum svæða og undirsvæða og stuðla að samþættingu á vettvangi svæða og undirsvæða,
 - c) tryggja að yfirstandandi umbótastarfsemi til viðskiptalíprunar í einkageiranum sé felld inn í aðgerðir til aðstoðar,

- d) stuðla að samræmingu milli samningsaðila og milli samningsaðila og annarra viðeigandi stofnana, þ.m.t. svæðisbundinna efnahagssamfélaga, til að tryggja hámarksskilvirkni og -árangur þessarar aðstoðar. Í þessu skyni:
- i. ætti samræming, einkum í landinu eða á svæðinu þar sem aðstoðin verður veitt, milli samningsaðila sem taka þátt og framlagsveitenda og milli þeirra sem veita tvíhliða og marghliða framlag, að miða að því að forðast skörun og tvítekningu í áætlunum um aðstoð og ósamræmi í umbótastarfsemi, með náinni samræmingu tækniástoðar og íhlutana til þekkingaruppbyggingar,
 - ii. ætti efldur samþættur rammi um viðskiptatengda aðstoð, þegar í hlut eiga lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, að vera hluti af þessu samræmingarferli og
 - iii. ættu samningsaðilar einnig að stuðla að innri samræmingu milli embættismanna sinna á sviði viðskipta og þróunar, bæði í höfuðborgum sínum og í Genf, þegar þeir framkvæma samning þennan og við tækniástoð,
- e) hvetja til þess að notað sé fyrirliggjandi samræmingarskipulag á lands- og svæðisvísu, s.s. hringborðsumræður og samráðshópar til að samræma og fylgjast með framkvæmdinni, og
- f) hvetja samningsaðila, sem eru þróunarlönd, til að veita öðrum samningsaðilum, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, aðstoð til þekkingaruppbyggingar og ihuga að styðja slíkar aðgerðir ef unnt er.
4. Nefndin skal halda a.m.k. einn sérstakan fund á ári til þess:
- a) að fjalla um hvers konar vandamál í sambandi við framkvæmd ákvæða eða undirliða ákvæða þessa samnings,
 - b) að endurskoða framvindu við veitingu aðstoðar og stuðnings til þekkingaruppbyggingar til að styðja við framkvæmd þessa samnings, m.a. að því er varðar samningsaðila sem eru þróunarlönd eða lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem fá ekki viðunandi aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar,
 - c) að miðla reynslu og upplýsingum um yfirstandandi áætlanir um aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar og framkvæmd, þ.m.t. um áskoranir og árangur,
 - d) að endurskoða tilkynningar framlagsveitenda eins og tilgreint er í 22. gr. og
 - e) að endurskoða beitingu 2. mgr.

22. gr.

*UPPLÝSINGAR UM AÐSTOÐ OG STUÐNING TIL
ÞEKINGARUPPBYGGINGAR SEM LEGGJA Á FYRIR NEFNDINA*

1. Til að tryggja samningsaðilum, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, gagnsæi að því er varðar veitingu aðstoðar og stuðnings til þekkingaruppbyggingar vegna framkvæmdar I. þáttar skal sérhver samningsaðili, sem er framlagsveitandi, sem aðstoðar samningsaðila, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, við framkvæmd þessa samnings, leggja fyrir nefndina, við gildistöku þessa samnings og árlega eftir það, eftirfarandi upplýsingar um aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar sem hann veitti á undan-gengnum 12 mánuðum og, ef upplýsingar eru tiltækar, sem hann hefur skuldbundið sig til að veita á næstu 12 mánuðum²²:
- a) lýsing á aðstoð og stuðningi til þekkingaruppbyggingar,
 - b) staða og fjárhæð sem búið er að skuldbinda/greiða,
 - c) fyrirkomulag við greiðslu aðstoðar og stuðnings,
 - d) samningsaðilinn, sem er viðtakandi, eða, ef nauðsyn krefur, svæðið og
 - e) framkvæmdastofnunin hjá samningsaðilanum sem veitir aðstoð og stuðning.
- Upplýsingarnar skulu veittar með því sniði sem tilgreint er í 1. viðauka. Ef um er að ræða aðila að Efnahags- og framfarastofnuninni má byggja upplýsingarnar, sem lagðar eru fram, á viðeigandi upplýsingum frá lánatilkynningakerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd og lýsa yfir að þeir séu sjálfir í þeirri stöðu að geta veitt aðstoð og

²² Upplýsingarnar sem veittar eru munu endurspeglar að veiting aðstoðar og stuðnings til þekkingaruppbyggingar byggist á eftirspurn.

- stuðning til þekkingaruppbyggingar, eru hvattir til að veita upplýsingarnar sem nefndar eru hér að framan.
2. Samningsaðilar, sem eru framlagsveitendur og aðstoða samningsaðila sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, skulu leggja fyrir nefndina:
 - a) upplýsingar um tengiliði stofnana sinna sem bera ábyrgð á að veita aðstoð og stuðning til þekkingaruppbyggingar vegna framkvæmdar I. þáttar þessa samnings, þ.m.t., ef það er gerlegt, upplýsingar um tengiliði innan landsins eða svæðisins þar sem veita á aðstoðina eða stuðninginn, og
 - b) upplýsingar um ferli og fyrirkomulag við að óska eftir aðstoð og stuðningi til þekkingaruppbyggingar.

Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd og lýsa því yfir að þeir séu sjálfir í þeirri stöðu að geta veitt aðstoð og stuðning, eru hvattir til að veita upplýsingarnar sem nefndar eru hér að framan.
 3. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og hyggjast nýta sér aðstoð tengda viðskiptalíprun og stuðning til þekkingaruppbyggingar, skulu leggja upplýsingar fyrir nefndina um tengilið eða tengiliði skrifstofunnar eða -stofanna sem bera ábyrgð á að samræma og forgangsraða slíkri aðstoð og stuðningi.
 4. Samningsaðilum er heimilt að veita upplýsingarnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., með tilvísunum í Netíð og skulu uppfæra upplýsingarnar eftir þörfum. Skrifstofan skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.
 5. Nefndin skal bjóða viðeigandi alþjóða- og svæðastofnunum (s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Efnahags- og framfarastofnuninni, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun, Alþjóðatollastofnuninni, svæðanefndum Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankanum eða undirstofnunum þeirra, ásamt svæðisbundnum þróunarbönkum) og öðrum samstarfsstofnunum að láta í té upplýsingar sem um getur í 1., 2. og 4. mgr.

III. ÞÁTTUR

STOFNANAFYRIRKOMULAG OG LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

STOFNANAFYRIRKOMULAG

1 Viðskiptalíprunarnefnd.

- 1.1 Hér með er komið á fót viðskiptalíprunarnefnd.
- 1.2 Nefndin skal vera opin fyrir þátttöku allra samningsaðila og skal hún kjósa sér formann. Nefndin skal koma saman eftir þörfum og eins og viðeigandi ákvæði þessa samnings gera ráð fyrir, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári, í þeim tilgangi að gefa samningsaðilum tækifæri til að hafa samráð um hver þau málefni sem tengjast framkvæmd þessa samnings eða því að stuðla að því að markmið hans náist. Nefndin skal vinna að þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi eða af samningsaðilum. Nefndin setur sér starfsreglur.
- 1.3 Nefndinni er heimilt að setja á fót þær undirstofnanir sem nauðsynlegar kunna að reynast. Allar slíkar stofnanir skulu gefa nefndinni skýrslu.
- 1.4 Nefndin skal útfæra verklagsreglur um miðlun viðeigandi upplýsinga af hálfu samningsaðila og bestu starfsvenjur eftir því sem við á.
- 1.5 Nefndin skal hafa nán tengsl við aðrar alþjóðastofnanir sem vinna að viðskiptalíprun, s.s. Alþjóðatollastofnunina, með það að markmiði að fá bestu ráðgjöf sem völ er á um framkvæmd og stjórnun þessa samnings og til að tryggja að komið sé í veg fyrir óþarfa tvíverknað. Í þessu skyni er nefndinni heimilt að bjóða fulltrúum þessara stofnana eða undirstofnana þeirra:
 - a) að sitja fundi nefndarinnar og
 - b) að ræða tiltekin málefni í tengslum við framkvæmd þessa samnings.
- 1.6 Nefndin skal taka beitingu og framkvæmd þessa samnings til endurskoðunar fjórum árum eftir gildistöku hans og reglulega eftir það.
- 1.7 Samningsaðilar eru hvattir til að taka atriði sem tengjast málefnum er varða framkvæmd og beitingu þessa samnings til umfjöllunar í nefndinni.

- 1.8 Nefndin skal hvetja til og greiða fyrir sérstökum umræðum meðal samningsaðila um sértæk málefni sem falla undir þennan samning, með það fyrir augum að ná með skjótum hætti lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.

2 Innlend viðskiptaliprunarnefnd.

Sérhver samningsaðili skal setja á fót og/eða halda úti innlendri viðskiptaliprunarnefnd eða tiltaka fyrirbyggjandi fyrirkomulag, bæði til að greiða fyrir samræmingu innanlands og framkvæmd ákvæða þessa samnings.

24. gr.

LOKAÁKVÆÐI

1. Í samningi þessum er litið svo á að hugtakið „samningsaðili“ nái yfir lögbært yfirvald samningsaðilans.
2. Öll ákvæði samnings þessa eru bindandi fyrir alla samningsaðila.
3. Samningsaðilar skulu koma samningi þessum til framkvæmda frá og með gildistökudegi hans. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og kjósa að nota ákvæði II. þáttar, skulu koma samningi þessum til framkvæmda í samræmi við II. þátt.
4. Samningsaðili, sem staðfestir samning þennan eftir gildistöku hans skal koma skuldbindingum sínum samkvæmt flokki B og C til framkvæmda innan viðkomandi tímamarka sem talin eru frá gildistökudegi samningsins.
5. Aðilum að tollabandalagi eða svæðisbundnu efnahagslegu fyrirkomulagi er heimilt að samþykkja svæðisbundnar aðferðir til að greiða fyrir framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt þessum samningi, m.a. með því að setja á fót og nota svæðisstofnanir.
6. Þrátt fyrir almenna athugasemd um túlkun á I. viðauka A við Marakess-samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal ekkert í þessum samningi túlkað þannig að það dragi úr skuldbindingum samningsaðila samkvæmt GATT-samningnum frá 1994. Enn fremur skal ekkert í þessum samningi túlkað með þeim hætti að það dragi úr réttindum og skuldbindingum samningsaðila samkvæmt samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir og samningnum um hollustu-hætti og heilbrigði dýra og plantna.
7. Allar undanþágur og undantekningar²³ samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 skulu gilda um ákvæði þessa samnings. Allar undanþágur sem gilda um GATT-samninginn frá 1994 eða hluta hans, sem veittar voru samkvæmt gr. IX:3 og IX:4 í Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og sérhver breyting á honum frá og með gildistökudegi þessa samnings gilda um ákvæði þessa samnings.
8. Ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru áréttuð og notuð í samkomulaginu um lausn deilumála, skulu gilda um samráð og lausn deilumála samkvæmt samningi þessum nema sérstaklega sé kveðið á um annað í þessum samningi.
9. Ekki er heimilt að skrá neina fyrirvara varðandi ákvæði samnings þessa án samþykkis hinna samningsaðilanna.
10. Ákvæði um skuldbindingar samningsaðila, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, samkvæmt flokki A, sem fylgja með þessum samningi í samræmi við 1. og 2. mgr. 15. gr., skulu vera óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.
11. Ákvæði um skuldbindingar samningsaðila, sem eru þróunarlönd og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, samkvæmt flokki B og C, sem nefndin tekur mið af og fylgja með þessum samningi í samræmi við 5. mgr. 16. gr., skulu vera óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

²³ Þar á meðal eru gr. V:7 og X:1 í GATT-samningnum frá 1994 og athugasemdin við VIII. gr. hans.

1. VIÐAUKI
Snið tilkynningar skv. 1. mgr. 22. gr.

Samningsaðili sem er framlagsveitandi:

Tímabil sem tilkynningin tekur til:

Lýsing á úrræðum til tæknilegrar og fjárhagslegrar aðstoðar og til þekkingaruppbyggingar	Staða og fjárhæð sem búið er að skuldbinda/greiða	Viðtökuland/-svæði (ef nauðsyn krefur)	Stofnun sem annast framkvæmd hjá þeim samningsaðila sem veitir aðstoð	Verklagsreglur varðandi greiðslu aðstoðar
--	---	--	---	---

**PROTOCOL
AMENDING THE MARRAKESH AGREEMENT ESTABLISHING
THE WORLD TRADE ORGANIZATION**

Members of the World Trade Organization;

Referring to the Agreement on Trade Facilitation;

Having regard to the Decision of the General Council in document WT/L/940, adopted pursuant to paragraph 1 of Article X of the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization ("the WTO Agreement");

Hereby agree as follows:

1. Annex 1A to the WTO Agreement shall, upon entry into force of this Protocol pursuant to paragraph 4, be amended by the insertion of the Agreement on Trade Facilitation, as set out in the Annex to this Protocol, to be placed after the Agreement on Safeguards.
2. Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Protocol without the consent of the other Members.
3. This Protocol is hereby open for acceptance by Members.
4. This Protocol shall enter into force in accordance with paragraph 3 of Article X of the WTO Agreement.¹
5. This Protocol shall be deposited with the Director-General of the World Trade Organization who shall promptly furnish to each Member a certified copy thereof and a notification of each acceptance thereof pursuant to paragraph 3.
6. This Protocol shall be registered in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

Done at Geneva this twenty-seventh day of November two thousand and fourteen, in a single copy in the English, French and Spanish languages, each text being authentic.

